



ÁRSSKÝRSLA VINNUMÁLASTOFNUNAR 2015



VINNUMÁLA
STOFNUN



Útgefandi:
Vinnumálastofnun

Ritstjóri:
Margrét Lind Ólafsdóttir

Yfirlestur:
Gyða Sigfinnsdóttir

Hönnun og umbrot:
Kría hönnunarstofa

Prentun:
Pixel

ÁRSSKÝRSLA VINNUMÁLASTOFNUNAR 2015

EFNISYFIRLIT

Ávarp forstjóra.....	6	Erlent samstarf.....	29
Starfsemi Vinnumálastofnunar.....	8	Fólkið okkar.....	32
Vinnumarkaðurinn.....	11	Efirlitsdeild Vinnumálastofnunar.....	34
Vinnumarkaðsaðgerðir - árherslur 2015.....	13	Atvinnuleysistryggingar.....	36
Erlendir ríkisborgarar - á íslenskum vinnumarkaði.....	16	Fæðingarorlofssjóður.....	38
Atvinnumál útlendinga - Atvinnuleyfi, starfsmannaleigur og erlend þjónustufyrirtæki.....	19	Ábyrgðasjóður launa.....	41
Styrkir til atvinnumála kvenna 2015.....	22	Ársreikningur Vinnumálastofnunar.....	43
EURES - evrópsk vinnumiðlun.....	24	Nokkrar lykiltölur úr ársreikningi	
Atvinnumál fatlaðra.....	26	Atvinnuleysistryggingasjóðs.....	56
Greiðslustofa.....	28	Fæðingarorlofssjóðs.....	58
		Ábyrgðasjóðs launa.....	60

4.945

ATVINNULAUSIR




2.635
konur




2.310
karlar

ATVINNULEYSI 2013-2015




STARFS- MANNA- LEIGUR



Fjöldi starfs-
mannaleiga
og starfsmenn
á vegum þeirra




ATVINNULEYSI Í 20 ÁR



VINNUMÁLASTOFNUN LYKILTÖLUR 2015


GREIDDAR BÆTUR



MENNTUN

atvinnuleitenda

- Grunnskóli
- Framhaldsskóli
- Háskóli



BÚFERLAFLUTNINGAR

til og frá Íslandi 2015



2.200 erlendir ríkisborgarar
3.800 Íslendingar

5.200 erlendir ríkisborgarar
2.480 Íslendingar

KVIKUR VINNUMARKAÐUR

Þrátt fyrir að íslenskur vinnumarkaður sé vel skipulagður, með lögvernduðum miðlægum kjarasamningum, öflugum samtökum launafólks og fyrirtækja og fjölþættu samstarfi ríkisvalds og stofnana þess og aðila á vinnumarkaði þá er þróun vinnumarkaðarins síkvik og oft ófyrirsjáanleg. Góðu heilli búa Íslendingar nú við hagvöxt og uppsveiflu í atvinnulífinu og spár benda til þess að svo verði a.m.k. næstu ár. Eftirspurn eftir vinnuafli hefur aukist stöðugt og atvinnuleysi nú með því minnsta sem gerist í Evrópu. Þessar aðstæður gera okkur kleift að koma fleirum í störf en áður – einnig fólki með skerta starfsgetu sem þarf oft annað skipulag og aðstæður á vinnustað en aðrir.

Vinnumálastofnun hefur í starfi sínu sett þjónustu við þessa einstaklinga í sérstakan forgang á síðastliðnu ári og náð að áununarverðum árangri með samstarfi við fyrirtækin í landinu. Fjöldi starfstækifæra hafa orðið til fyrir fólk með skerta starfsgetu með heimsóknum og samtölum við forsvarsmenn fyrirtækjanna. Umsýsla stofnunarinnar með vinnusamningum öryrkja sem færð var frá Tryggingastofnun ríkisins til Vinnumálastofnunar frá og með síðustu áramótum fellur vel að þessum breyttu áherslum. Allt þetta stuðlar að fjölbreyttum og gefandi vinnustöðum sem eru langtum skemmtilegri aðstæður en þar sem allir eru steyptir í sama mótið.

En fjöldi þeirra einstaklinga sem nú bætast við til að sinna nýjum verkefnum annar engan veginn eftirspurn og mun ekki gera í ákveðnum greinum atvinnulífsins. Í þeim efnum erum við algerlega háð innflutningi á erlendu vinnuafli. Straumur útlendinga til landsins til starfa fer vaxandi, jafnvel hraðar en æskilegt er í mörgu tilliti. Einstaklingarnir koma góðu heilli til starfa hjá heildarlegum og vel stýrðum fyrirtækjum í flestum tilvikum en því miður ekki allir. Umsvif Vinnumálastofnunar við eftirlit með framkvæmd laga um atvinnuréttindi útlendinga, starfsmannaleigur, útsenda starfsmenn ofl. hafa aukist stórlega og ekki að ástæðulausu. Þegar kjarasamningar, reglur og lög hafa verið undirrituð og handsöluð af fulltrúum atvinnulífsins, eða samþykkt á Alþingi, er rík ástæða til að ætla að slíkt haldi í framkvæmd. Svo er þó aldeilis ekki og fjölmörg mál hafa komið upp undanfarna mánuði þar sem brotið hefur verið á rétti launafólks eða boðið upp á aðstæður sem eru ekki siðmenntuðu



samfélagi sambodin. Þá virðist sem undanskot fyrirtækja frá skattgreiðslum fari vaxandi. Til að vinna gegn þessu hafa stofnanir hins opinbera samræmt vinnubrögð sín og miðlað upplýsingum sín á milli til að auka skilvirkni eftirlitsins og eins örvað samstarf sitt við stéttarfélagin og samtök fyrirtækjanna í landinu.

Fyrirtækin kannast við samfélagslegar skyldur sínar og undirgangast þær fúslega. En ekki öll og á því verður að taka. Það vegur gegn sátt um samfélagsgerðina ef undirmálsstarfsemi á vinnumarkaði fær að þróast og dafna og það er sameiginlegt verkefni allra sem að vinnumarkaðnum koma að útrýma slíku.

Vinnumálastofnun er sífellt vakandi yfir því að starfsemi hennar sé skilvirk, fagleg og rekin með ráðdeild. Sem lið í þeirri viðleitni tekur stofnunin nú á árinu þátt í viðamiklu samstarfi opinberra vinnumiðlana ESB ríkjanna og EES sem starfa saman á vettvangi European Network of Public Employment Services (PES). Megin tilgangur samstarfsins felur í sér miðlun þekkingar milli landa á sviði vinnumarkaðsmála og þjónustu stofnananna. Vinnumálastofnun hefur í gegnum samstarfið verið boðið að taka þátt í svokallaðri viðmiðunarrýni eða „Benchlearning“ sem hefur það að markmiði að gera stofnunum kleift að taka út eigin frammistöðu starfsemi sinnar og bera saman við frammistöðu sambærilegra stofnana í öðrum Evrópulöndum. Ferlið samanstendur af umfangsmikilli innri úttekt byggðri á sjálfsmatslíkani sem stofnanirnar hafa komið sér saman um og síðan ytri úttekt þar sem veitt er endurgjöf á innri úttektina. Markmiðið með sjálfsmatinu er að:

Greina styrkleika og veikleika og nota til þess sérfræðikunnáttu og innsýn hlutaðeigandi starfsmanna stofnunarinnar.

Koma auga á hvar hægt er að gera umbætur og hrinda þeim í framkvæmd.

Vinnumálastofnun hefur unnið að framkvæmd sjálfsmatsferlisins síðustu mánuði og því lýkur með heimsókn erlendra sérfræðinga til stofnunarinnar 20.- 22. júní n.k. þar sem farið verður yfir úttektina. Í kjölfarið verður greinargerð um matið kynnt fyrir stjórn stofnunarinnar og velferðarráðuneytinu.

Í þessari ársskýrslu er starfsemi stofnunarinnar fyrir árið 2015 reifuð í megin dráttum. Eins og sjá má er starfsemi hennar afar fjölbreytt og það er von okkar að lesendur verði nokkru nær um þau mikilvægu viðfangsefni sem stofnunin sinnir.

Gissur Pétursson forstjóri, maí 2016

STARFSEMI VINNUMÁLASTOFNUNAR

Vinnumálastofnun rekur átta þjónustuskrifstofur á landinu auk þriggja smærri útibúa; Þá er starfsemi Fæðingarorlofssjóðs og Ábyrgðasjóðs launa hluti af starfsemi Vinnumálastofnunar. Fjöldi starfsmanna Vinnumálastofnunar var á árinu 2015 134 og skiptust þeir þannig að á höfuðborgarsvæðinu störfuðu 79 en á landsbyggðinni voru starfsmennirnir 55.

Vinnumálastofnun heldur uppi fjölbreyttri starfsemi, annast skráningu atvinnulausra, útreikninga og greiðslu atvinnuleysisbóta auk annarrar starfsemi sem sagt er frá hér að neðan.

Þjónustuver Vinnumálastofnunar

Þjónustuver Vinnumálastofnunar sinnir fjölbreyttum verkefnum eins og símsvörun, veitir almennar upplýsingar, skráir og tekur á móti gögnum, afgreiðir og skráir umsóknir um fæðingarorlof o.fl.

Vinnumiðlun

Þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar starfrækja öfluga vinnumiðlun á landsvísi sem er opin fyrir atvinnuleitendur, hvort sem þeir eru á skrá hjá Vinnumálastofnun eða ekki, og atvinnurekendur. Atvinnuráðgjafar aðstoða fyrirtæki við ráðningarferli og er leitast við að veita einstaklingsmiðaða þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins. Gott samstarf og tenging vinnumiðlunar við atvinnulífið er mikilvæg og stuðlar að fleiri tækifærum fyrir atvinnuleitendur. Atvinnuráðgjafar veita atvinnuleitendum leiðsögn og ráðgjöf um atvinnuleit.

Fjölbreytt verkefni þjónustuvers

- Skráning og móttaka gagna í óundirbúnum heimsóknum.
- Símsvörun og almenn upplýsingaveita.
- Skráning einstaklinga með U1 og U2 vottorð.
- Afgreiðsla og skráning umsókna um fæðingarorlof.
- Almenn upplýsingaveita samkvæmt stjórnsýslulögum um leiðbeiningaskyldu ríkisstofnana.
- Dreifing og afgreiðsla bréfpósts.
- Svörun tölvupósts og vöktun á netföngum stofnunarinnar.
- Framlína og andlit Vinnumálastofnunar útávið.

Vinnuðmiðlun annast einnig skipulag starfstengdra vinnumarkaðsúrræða í samvinnu við fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög og er komin góð reynsla á slík úrræði.

Markmið starfstengdra vinnumarkaðsúrræða er að auðvelda atvinnurekendum nýráðningar á einstaklingum sem eru tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins, með niðurgreiðslu á stofnkostnaði nýrra starfa. Með úrræðum skapast tækifæri bæði fyrir atvinnulífið og þá einstaklinga sem í hlut eiga og fá með þessu tækifæri til innkomu á vinnumarkað að nýju. Helstu starfstengdu vinnumarkaðsúrræði eru starfsþjálfun, starfsorka og sérstök átaksverkefni.

EURES evrópsk vinnuðmiðlun er hluti af þjónustu opinberra vinnuðmiðlunar hjá Vinnumálastofnun.

Ráðgjafarþjónusta

Vinnumálastofnun rekur öfluga ráðgjafarþjónustu fyrir atvinnuleitendur. Þeim stendur til boða einstaklingsráðgjöf og stuðningur til að takast á við atvinnumissinn og aðstoð við atvinnuleitina. Í ráðgjöfinni fá atvinnuleitendur fræðslu tengda atvinnuleitinni, aðstoð við gerð ferilskrár (ef hún er ekki þegar til staðar), kynningarbréfs og undirbúning fyrir atvinnuviðtal.

Sú náms- og starfsráðgjöf sem er í boði hefur það að markmiði að leiðbeina atvinnuleitendum til aukinnar sjálfsþekkingar, aðstoða þá við að finna hvar áhugasviðið liggur, hver hæfnin er og hvert einstaklingur stefnir með tilliti til starfsþróunar. Ráðgjafar leiðbeina atvinnuleitendum um möguleika á því að stunda nám samhliða atvinnuleysisbótum og um styrki til þess að sækja námskeið. Einnig er hægt að fá aðstoð við öflun upplýsinga um nám og námsleiðir í almenna skólakerfinu og hjá símenntunarmiðstöðvum og um þau námskeið hjá Vinnumálastofnun sem standa atvinnuleitendum til boða þeim að kostnaðarlausu.

Tölulegar upplýsingar

Vinnumálastofnun heldur utan um og aflar upplýsinga um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur frá einstökum landshlutum. Einnig fylgist Vinnumálastofnun með samsetningu vinnuafis, kannar reglubundið mannaflaþörf og framtíðarhorfur í atvinnugreinum og miðlar upplýsingum um atvinnuástandið í landinu.

Útgáfa atvinnuleyfa og skráning útlendinga

Vinnumálastofnun hefur umsjón með útgáfu atvinnuleyfa og skráningu útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og starfsmannaleigum. Mikil aukning hefur orðið á þessari starfsemi hjá stofnuninni.

Eftirlit

Eitt af hlutverkum Vinnumálastofnunar er að standa vörð um íslenska velferðarkerfið og verja það misnotkun.

Markmiðið með því að starfrækja eftirlit í atvinnuleysistryggingakerfinu er að tryggja eins og kostur er að aðeins þeir sem uppfylla skilyrði laga um atvinnuleysistryggingar fái greiddar atvinnuleysisbætur og koma í veg fyrir og uppræta sannanlega misnotkun á atvinnuleysisbótum.

Stjórn og vinnumarkaðsráð

Félags- og húsnæðismálaráðherra skipar tíu manna stjórn Vinnumálastofnunar til fjögurra ára í senn að fenginni tilnefningu helstu aðila vinnumarkaðarins. Formaður og varaformaður eru skipaðir án tilnefningar ráðherra. Forstjóri Vinnumálastofnunar situr fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Stjórn Vinnumálastofnunar skal annast faglega stefnumótun á sviði vinnumarkaðsaðgerða og gera félags- og húsnæðismálaráðherra grein fyrir atvinnuástandi og árangri vinnumarkaðsaðgerða í skýrslu í lok hvers árs. Stjórnin hefur umsjón og eftirlit með rekstri og starfsemi Vinnumálastofnunar. Skal stjórnin hafa reglulegt samráð við vinnumarkaðsráðin við mat á atvinnuástandi í landinu.

Í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir er mælt fyrir um sjö manna svæðisbundin vinnumarkaðsráð sem starfa í samvinnu við skrifstofur Vinnumálastofnunar um land allt og eru stofnuninni til ráðgjafar um skipulag og val á vinnumarkaðsúrræðum á svæðinu. Í ráðinu sitja fulltrúar sem tilnefndir eru af samtökum launafólks, samtökum atvinnurekenda, sveitarfélögum, menntamálaráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra. Vinnumarkaðsráðin hafa venjulega til umræða ákveðna fjármuni til rannsóknarstarfa eða annarra verkefna sem líkleg þykja til að styrkja vinnumarkaðinn á viðkomandi svæði.

Atvinnuleysistryggingasjóður og Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga eru í umsjá Vinnumálastofnunar í umboði sjóðsstjórna. Vinnumálastofnun annast jafnframt skrifstofuhald fyrir Ábyrgðasjóð launa á grundvelli samnings milli stjórnar sjóðsins, velferðarráðuneytisins og Vinnumálastofnunar. Ennfremur annast stofnunin umsjá fyrir Fæðingarorlofssjóð, Starfsendurhæfingu, Lánatryggingasjóð kvenna og atvinnumál kvenna.



Fjármál

Á árinu 2015 var 10,8 m.kr. rekstrarhalli á rekstri Vinnumálastofnunar en á árinu 2014 nam rekstrarhallinn 50,3 m.kr. Þjónustutekjur og aðrar tekjur voru 975,2 m.kr. og þar af voru þjónustutekjur vegna þjónustu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð og Ábyrgðasjóð launa 693,5 m.kr. Framlag ríkissjóðs var 253,1 m.kr. á árinu 2015.

Útgjöld stofnunarinnar voru 1.231,6 m.kr. en voru 1.207,7 m.kr. árið 2014. Eiginfjárstaða stofnunarinnar í árslok 2015 var neikvæð um 6,9 m.kr. en var 3,9 m.kr. í árslok 2014 en verulega hefur verið gengið á eigið fé stofnunarinnar undanfarin þrjú ár. Launahækkningar hafa verið stór útgjaldaliður undanfarin ár og á árinu 2015 námu þær hækkningar um 70,0 millj. kr. Greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna atvinnuleysisbóta voru 10.668,5 m.kr. en voru 12.905,9 m.kr. árið 2014. Í árslok 2015 var eigið fé Atvinnuleysistryggingasjóðs 11.594,1 m.kr. og hafði þar með hækkað um 3.017,9 m.kr. frá árslokum 2014. Útgjöld Ábyrgðasjóðs launa námu 590,5 m.kr. en voru 841,2 m.kr. árið 2014. Rekstrarafgangur af rekstri sjóðsins nam 59,9 m.kr. og var eigið fé sjóðsins jákvætt um 2.382,3 m.kr. í árslok 2015. Útgjöld Fæðingarorlofssjóðs námu 9.382,3 m.kr. en voru 8.900,4 m.kr. árið 2014. Rekstrarhalli af rekstri sjóðsins árið 2015 nam 1.772,7 m.kr. og í árslok 2015 var eigið fé Fæðingarorlofssjóðs jákvætt um 2.980,1 m.kr. Tekjur Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga samanstanda af mörkuðum tekjum 39,9 m.kr. og fjármunatekjum 35,5 m.kr. Útgjöld sjóðsins námu 6,9 m.kr. og rekstrarafgangur varð þar með 68,6 m.kr., styrktist eiginfjárstaða sjóðsins enn frekar og var 989,7 m.kr. í árslok 2015.

Ýmis sérverkefni stofnunarinnar

Vinnumálastofnun hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum á árinu. Má þar nefna Sumarátaksstörf, Atvinnu með stuðningi og Virkjum hæfileikana - alla hæfileikana. Nánar er sagt frá þessum verkefnum aftar í skýrslunni.

Þá hefur stofnunin haft umsjón með Atvinnumálum Kvenna og Svanna – Lánatryggingasjóði kvenna eins og fram hefur komið. Vinnumálastofnun tekur einnig þátt í fjölbreyttum alþjóðlegum verkefnum sem greint er frá aftar í skýrslunni.

Endurhönnun á enskum vef Vinnumálastofnunar

Endurbætur voru gerðar á enskum vef Vinnumálastofnunar á árinu og var markmiðið að auðvelda aðgengi að upplýsingum og einfalda leiðarkerfið. Nýtt útlit var hannað fyrir vefinn í samræmi við íslenska vef Vinnumálastofnunar og hann settur í nýtt vefumsýslukerfi. Veffyrirtækið Hunang sá um vinnu við vefinn og Kría hönnunarstofa sá um útlitið.

VINNUMARKAÐURINN

Allmikil þensla var á vinnumarkaði á árinu 2015 og fjölgaði starfandi fólki um hátt í 6.000 frá árinu áður samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar, eða úr tæplega 178 þúsund 2014 í tæplega 184 þúsund 2015. Starfandi körlum fjölgaði um 3.400 og starfandi konum um 2.500. Fjölgun starfa kom fram í allmörgum atvinnugreinum, mest í upplýsinga- og fjarskiptagreinum og í flutningastarfsemi. Þá jókst atvinnuþátttaka um ríflega 1 prósentustig og atvinnuleysi hélt áfram að lækka, fór úr 3,6% í 2,9% á árinu 2015.

Vinnuafli og fjöldi starfandi

Atvinnuþátttaka jókst nokkuð á árinu 2015 líkt og jafnan gerist þegar þensla er í efnahagslífinu. Þannig var atvinnuþátttakan um 82,5% árið 2015, var 81,5% árið áður og hafði þá aukist úr um 80,5% á árunum 2011 og 2012. Fólki á vinnumarkaði fjölgaði um ríflega 4.000 manns og var fjölgunin nokkuð jöfn meðal karla og kvenna og eftir búsetu. Hlutfallslega mest fjölgun var meðal aldurshópsins 55 ára og eldri þar sem fjölgunin var um 5%. Þetta er svipuð þróun og undanfarin ár og skýrist af því að þjóðin er að eldast og fjölmennir árgangar eru að færast upp í þennan aldurshóp.

Þó fjölgun starfa hafi dreifst á margar atvinnugreinar á árinu 2015 var hún sem fyrr segir áberandi í upplýsinga- og fjar-

skiptagreinum og í flutningastarfsemi. Þá fjölgaði áfram töluvert í fræðslustarfsemi líkt og árið áður, í byggingastarfsemi og í ýmis konar verslunar- og þjónustustarfsemi. Athyglisvert er að fjölgun í ferðatengdri starfsemi var ekki mikil og minni en síðustu tvö ár þar á undan. Þá fækkaði starfandi fólki í sjávarútvegsgreinum og lítið eitt í fjármálastarfsemi.

Á árinu 2015 fjölgaði störfum mest meðal sérfræðinga annars vegar og bílstjóra, stjórnenda vinnuvéla og vélgæslufólks hins vegar. Þá fjölgaði starfandi iðnaðarmönnum allnokkuð svo og starfsfólki við þjónustu- og afgreiðslustörf og fólki með ýmsa sérhæfða menntun á ýmsum sviðum.


Atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi á árinu 2015 var 2,9% og lækkaði úr 3,6% árið 2014 sem fyrr segir. Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna, þ.e. 2,5% meðal karla og 3,5% meðal kvenna. Mest var atvinnuleysi meðal kvenna á höfuðborgarsvæðinu eða 3,6% og minnst 2,3% meðal karla á landsbyggðinni.


Aldursdreifing atvinnulausra er svipuð á árinu 2015 og verið hefur undanfarin ár. Þannig voru um 32% atvinnulausra á aldrinum 16-29 ára, um 45% á aldrinum 30-49 ára og um 23% á aldrinum 50 ára og eldri.

Mest var atvinnuleysið á Suðurnesjum árið 2015 eins og undanfarin ár eða 4%. Þar var það mun hærra meðal kvenna eða 5% á móti 3,2% meðal karla. Næstmest var atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu eða 3,1%. Hlutfallslega minnkaði atvinnuleysi mest á Suðurnesjum eða um 30% og á höfuðborgarsvæðinu um 19%. Á Norðurlandi eystra var atvinnuleysi að meðaltali 2,8% á árinu 2015 og 2,7% á Vestfjörðum þar sem atvinnuleysið jókst töluvert milli ára. Annars staðar á landinu var atvinnuleysi minna eða milli 1,6% og 2,3%.


Atvinnuleysi síðustu 10 ár




Atvinnuleysi eftir svæðum og kyni



Skipting atvinnulausra eftir menntun



Fjöldi langtímaatvinnulausra



Menntun og fyrri störf atvinnulausra

Áð jafnaði voru 44% atvinnulausra á árinu 2015 með grunnskólapróf eða sambærilega menntun og hefur hlutfallið farið lækkandi síðustu ár. Um 8% höfðu lokið iðnmenntun og hefur hlutfall iðnmenntaðra á atvinnuleysisrá einnig farið lækkandi síðustu ár. Um 12% höfðu lokið stúdentsprófi og 11% annars konar námi á framhaldsskólastigi. Loks voru 25% atvinnulausra með háskólamenntun og hefur hlutfall háskólamenntaðra af heildarfjölda atvinnulausra vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Hlutfall háskólamenntaðra var mun hærra meðal kvenna en karla eða 28% meðal kvenna og tæp 21% meðal karla.

Stærstur hluti atvinnulausra hafði verið starfandi í verslunargeiranum í sínu síðasta starfi, eða um 18% allra atvinnulausra, 11% í iðnaði og 10% í gisti- og veitingaþjónustu. Lægra hlutfall hafði verið starfandi í öðrum greinum. Dreifingin er svipuð og árið áður og því ljóst að atvinnulausum hefur verið að fækka hlutfallslega nokkuð jafnt milli atvinnugreina milli árunna 2014 og 2015.

Þegar litið er á hvaða störfum fólk hafði gegnt má sjá að verkafólk var fjölmennasti hópurinn á atvinnuleysisrá á árinu 2015, eða um 26% heildarhópsins. Hlutfallið hefur þó lækkad nokkuð, var 28% árin 2012-2014. Næst fjölmennasti hópur atvinnulausra hafði starfað við umönnun og þjónustu eða tæp 16% atvinnulausra og því næst kom fólk sem starfaði við sölu og afgreiðslu.

Langtímaatvinnuleysi

Hlutfall þeirra sem höfðu verið atvinnulausir í eitt ár eða lengur var að meðaltali 22% á árinu 2015. Þetta hlutfall hefur lækkad mikið undanfarin ár, en það var 36% þegar mest var á árunum 2011 og 2012.

Sama var að segja þegar litið var á þá sem höfðu verið atvinnulausir í meira en hálfu ári, þeir voru 44% atvinnulausra á árinu 2015 sem er nokkur lækkun frá árunum 2010 til 2012 þegar hlutfallið var 55% - 57% en á árinu 2014 var hlutfallið um 48% atvinnulausra.

VINNUMARKAÐSAÐGERÐIR

- áherslur 2015

Vinnumálastofnun sér um opinbera vinnumiðlun, metur hæfni atvinnuleitenda og skipuleggur úrræði sem eru til þess fallin að auka vinnufærni atvinnuleitenda samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (nr. 55/2006).

Meginmarkmið laganna er annars vegar að veita einstaklingum viðeigandi aðstoð til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði og hins vegar að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar vinnuafis í landinu. Markmið vinnumarkaðsaðgerða er að sporna gegn atvinnuleysi, auðvelda fólki í atvinnuleit að halda virkni sinni, stuðla að tengslum þess við atvinnulífið og skapa fólki leiðir til að bæta möguleika sína til atvinnuþátttöku.

Á vormánuðum 2015 var gerð þarfagreining meðal atvinnuleitenda varðandi óskir þeirra um námstengd vinnumarkaðsúrræði. Í kjölfar þess og eftir mat og greiningu á samsetningu atvinnuleitendahópsins var auglýst eftir tilboðum í úrræði. Tilboð bárust um tæplega hundrað námskeiðsúrræði og eftir úrvinnslu þeirra voru um 50 námskeið í boði fyrir atvinnuleitendur og þá langsamlega flest á höfuðborgarsvæðinu.

Rík áhersla er lögð á að veita atvinnuleitendum einstaklingsbundna ráðgjöf og aðstoð við atvinnuleitina og skal þjónustan miðast við það eins og kostur er. Við gerð starfsáætlunar hvers árs er staða einstakra hópa metin og í framhaldi af því eru settar áherslur byggðar á því mati.

Efld þjónusta við konur í atvinnuleit

Vinnumálastofnun setti sér það markmið að efla þjónustu og fjölga starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum fyrir konur á árinu 2015. Starfstengt vinnumarkaðsúrræði, svokölluð starfsþjálfun á vinnustað, er mjög árangursríkt úrræði þar sem meirihluti þátttakenda heldur áfram á vinnumarkaði að lokinni starfsþjálfun, ýmist hjá sama atvinnurekanda eða á nýjum vinnustað.

Við skoðun kom í ljós að hlutfall kvenna sem fengu starf á þeim grundvelli var nokkuð lægra en karla, án þess að endurspegla hlutfall kynjanna á atvinnuleysisskrá. Þátttaka karla hafði verið hlutfallslega mun meiri og að meðaltali höfðu 61% starfstengdra úrræða farið til karla en 39% til kvenna. Í ljósi þessa var lögð áhersla á að efla þjónustu og fjölga starfsþjálfunartækifærum fyrir konur á árinu 2015, meðal annars með því að leita eftir auknu samstarfi við atvinnurekendur um starfstengd vinnumarkaðsúrræði fyrir konur.

Á árinu 2015 fengu 676 atvinnuleitendur starf á grundvelli starfstengdra vinnumarkaðsúrræða, 346 karlar og 330 konur. Hluttur kvenna í starfsþjálfun innan fyrirtækja var 50% af heildarfjölda starfsþjálfunartækifæra og markmiðinu því náð um að jafna hlut kynjanna í úrræðinu sem var ánægjulegt. Árangur úrræðisins var góður líkt og undanfarin ár, þannig voru 81% þeirra karla sem fóru í starfstengd vinnumarkaðsúrræði ekki á atvinnuleysisskrá, þremur mánuðum eftir að úrræðinu lauk og 86% kvenna. Alls var hlutfall þeirra sem ekki voru á atvinnuleysisskrá að þremur mánuðum liðnum eftir úrræði 83,5%.



Árið 2015 voru 15.135 einstaklingar skráðir í atvinnuleit og af þeim voru 10.190 komnir með atvinnu eða farnir af skrá af öðrum ástæðum fyrir lok árs.

Efld þjónusta við atvinnuleitendur af erlendum uppruna

Atvinnuleitendur af erlendum uppruna var annar hópur sem áhersla var lögð á árið 2015. Það var gert í ljósi þess að hægar hefur dregið úr atvinnuleysi meðal þeirra heldur en Íslendinga. Leitað var eftir samstarfi við námskeiðshaldara um íslenskunám með áherslu á vinnustaðabjálfun og auk þess voru í boði starfstengd námskeið svo sem skrifstofuskóli fyrir Pólverja. Mikill fjöldi atvinnuleitenda af erlendu bergi brotnu tók þátt í námskeiðum á árinu 2015. Til að mynda voru 872 skráðir í grunnúræði og 843 á námskeið. Af námskeiðunum voru íslenskunámskeið (694) og starfstengd námskeið (143) mest nýtt. Þegar heildarskráningur á námskeið eru skoðaðar má sjá að tæplega helmingur allra námskeiðsplássu á árinu 2015 hefur verið nýttur fyrir atvinnuleitendur af erlendu bergi brotnir. Árangur af því að bjóða upp á námskeið fyrir þennan hóp atvinnuleitenda hefur reynst góður, enda hefur atvinnuleysi í þeim hópi farið úr 7.6% 31. des 2014 í 6,1% 31. des 2015 á sama tíma og fjölgun hefur orðið í hópi erlends fólks hér á landi.

Aðrir hópar

Hlutfall ófaglærðra af heildarfjölda atvinnuleitenda hélst áfram hæst á árinu og því lagði Vinnumálastofnun ríka áherslu á þjónustu við þann hóp með ráðgjöf og vinnumarkaðsúræðum. Einnig var athygli sérstaklega beint að þeim hópi sem verið hefur lengst á atvinnuleysisrá. Þjónusta við þá sem lengst hafa verið utan vinnumarkaðar er skipulögð með þeim hætti að færri þjónustunotendur eru á hvern ráðgjafa og getur þjónusta þannig betur tekið mið af einstaklingsbundnum þörfum hvers og eins. Í boði eru fjölbreytt námsúræði sem hafa það að markmiði að styrkja stöðu atvinnuleitenda á vinnumarkaði.

Á árinu 2015 var auk þess lögð áhersla á þjónustu við háskólamenntaða. Það var gert í ljósi þess að hlutfall þeirra af heildarfjölda atvinnuleitenda hafði hækkað þar sem ekki hafði dregið jafn mikið úr atvinnuleysi meðal þeirra og annarra hópa og var hlutfall þeirra í lok árs 2014 um 25%. Leitað var eftir samstarfi við námskeiðshaldara um námstilboð og að auki var lögð áhersla á að skapa aukin starfstækifæri í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir. Í lok árs 2015 hafði fækkað í hópi atvinnuleitenda með háskólamenntun þótt hlutfall þeirra af heildinni væri mjög svipað og 2014.

Almennt um árangur af vinnumarkaðsúræðum



Í töflunni hér til hliðar má sjá þann fjölda sem fór í vinnumarkaðsúræði árið 2015

Vinnumarkaðsúræðin voru bæði mismunandi að umfangi og innihaldi. Þegar árangur er skoðaður af vinnumarkaðsúræðum í heild kemur í ljós að um 50% þátttakenda er ekki lengur á atvinnuleysisrá þremur mánuðum eftir að þátttöku í úrræði lýkur. Árangur er áberandi bestur af starfstengdum vinnumarkaðsúræðum eins og skýrt hefur verið hér á undan, en 84% þeirra sem taka þátt í slíkum úrræðum eru ekki á atvinnuleysisrá þremur mánuðum eftir að þátttöku í úrræði lýkur. Árangur af námstengdum úrræðum sem atvinnuleitendum stendur til boða verður líka að teljast góður ef litið er til þess hversu margir fara af atvinnuleysisrá að lokinni þátttöku. Hlutfall kvenna í slíkum úrræðum er nokkru hærra en karla en árangur karla er hins vegar nokkuð betri ef horft til fjölda á skrá að lokinni þátttöku. Árangur karla í lengra námi sýnir að 63% þeirra eru ekki á atvinnuleysisrá þremur mánuðum eftir þátttöku í úrræði samanborið við 54% hjá konum. Einnig er betri árangur hjá körlum eftir þátttöku í styttri námskeiðum þar sem 50% karla var ekki á atvinnuleysisrá þremur mánuðum eftir þátttöku samanborið við 36% hjá konum. Árangur af úrræðinu „Þróun eigin viðskiptahugmynda“ er einnig góður. Úrræðið felst í því að veita atvinnuleitanda tækifæri til að vinna að þróun eigin viðskiptahugmynda í allt að sex mánuði með stuðningi frá Vinnumálastofnun. Niðurstaða sýnir að 47% einstaklinga eru ekki lengur á atvinnuleysisrá þremur mánuðum eftir að þeir ljúka samningi.

Við skipulag vinnumarkaðsáðgerða verður að líta til fjölmargra þátta svo að slíkar áðgerðir stuðli að auknum möguleikum atvinnuleitenda til endurkomu á vinnumarkaði. Í því sambandi er æskilegt að þær áðgerðir sem gripið er til leiði til virkari atvinnuleitar þeirra sem eru án atvinnu og auki þar með líkur á þátttöku þeirra á vinnumarkaði að nýju. Í ljósi þess þurfa áðgerðir sem gripið er til meðal annars að fela í sér öflugna og skilvirka vinnumiðlun til handa atvinnuleitendum, en á sama tíma þarf einnig að kynna vel út á við hvaða þjónustu og úrræði Vinnumálastofnun hefur upp á að bjóða. Undir lok ársins 2015 var ákveðið að mynda sérstakan kynningarhóp um það verkefni. Rík áhersla var lögð á eflingu þjónustu vinnumiðlunar m.a. með heimsóknum til atvinnurekenda þar sem þjónusta stofnunarinnar var kynnt með það að markmiði að fjölga starfstækifærum einstaklinga á atvinnuleysisrá og auka á samstarf við atvinnulíf.

Árið 2015 tóku 8.640 manns þátt í vinnumarkaðsúrræðum

1.715
útlendingar nýttu sér úrræði
872 í grunnúrræði
843 á námskeið



Vinnumarkaðsúrræði árið 2015

Tegund úrræða	Fjöldi	Karlar	Konur	Fjöldi %	Karlar %	Konur %
Grunnúrræði	5337	2535	2802	62%	65%	59%
Námskeið	1714	696	1018	20%	18%	22%
Lengra nám	593	184	409	7%	5%	9%
Atvinnutengd endurhæfing	136	49	87	2%	1%	2%
Vinnustaðabjálfun	68	41	27	1%	1%	1%
Próun eigin viðskiptahugmyndar	116	57	59	1%	1%	1%
Starfstengd vinnumarkaðsúrræði	676	346	330	8%	9%	7%
Samtals	8640	3908	4732	100%	100%	100%

Starfstengd vinnumarkaðsúrræði

Starfstengd Vinnumarkaðsúrræði 2015	Karlar	Konur	Samtals
Fjölsmiðjan	31	17	48
Frumkvöðlastarfinnan fyrirtækis eða stofnunar - starfsorka	24	23	47
Reynsluráðning	5	6	11
Sérstök átaksverkefni	9	7	16
Starfsbjálfun	277	277	554
Samtals	346	330	676

ERLENDIR RÍKISBORGARAR

- á íslenskum vinnumarkaði

Ríkisborgarar EES geta komið hingað til lands til starfa án atvinnuleyfa á grundvelli EES-samningsins. Aðrir útlendingar þurfa atvinnuleyfi vilji þeir starfa á íslenskum vinnumarkaði. Króatar gengu í Evrópusambandið 1. júlí 2013 og nýtti Ísland sér heimild til takmörkunar á aðgengi þeirra að íslenskum vinnumarkaði til tveggja ára. Þeir þurftu því atvinnuleyfi líkt og íbúar utan Evrópska efnahagssvæðisins til 30. júní 2015.

Búferlaflutningar

Á árinu 2015 fluttust um 3.000 fleiri útlendingar til landsins en fluttu á brott, sem er talsverð aukning frá árinu áður, en búferlaflutningar útlendinga til landsins hafa aukist jafnt og þétt frá 2011. Brottflutningar útlendinga hefur á hinn bóg-


inn ekki tekið miklum breytingum síðustu ár. Heildarfjöldi aðfluttra útlendinga var um 5.200 á árinu 2015 samanborið við um 4.300 árið 2014 og um 2.200 útlendingar fluttu brott árinu 2015 samanborið við um 2.500 árið áður.

Flestir þeirra útlendinga sem flytjast til landsins eru á aldrinum 20-29 ára eða tæpur helmingur, og því næst 30-39 ára, en rúmlega 20% aðfluttra útlendinga er úr þeim aldurshópi. Aldursdreifingin hefur lítið breyst síðustu ár. Hins vegar er nokkur munur á kynjum þannig að konur sem hingað flytja eru að jafnaði yngri en karlar.


Atvinnuleyfi og skráningar

Útgefnum atvinnuleyfum fjölgaði nokkuð á árinu 2015. Útgefin ný tímabundin leyfi voru 443 samanborið við um 300 til 350 árin á undan. Þá hefur námsmannaleyfum fjölgað mikið síðustu 2 ár. Nánari upplýsingar um atvinnuleyfi, starfsmannaleigur og útsenda starfsmenn er að finna annars staðar í skýrslunni.


Fjöldi erlendra ríkisborgara á Íslandi




Hlutfall erlends vinnuafis á íslenskum vinnumarkaði




Atvinnuleysi meðal útlendinga



Fjöldi útlendinga á vinnumarkaði eftir kyni



Aldursdreifing innflytjenda 2015 eftir kyni



Útlendingar á vinnumarkaði

Á árinu 2015 voru að jafnaði ríflega 21.000 útlendingar á vinnualdri á Íslandi og er áætlað að um 18.000 þeirra hafi verið á vinnumarkaði, þar af um 7.900 Pólverjar eða nálægt 43% af öllum útlendingum. Fjöldi útlendinga á vinnumarkaði hefur aukist nokkuð síðustu 2 ár og nálgast þann fjölda sem var hér starfandi á árunum fyrir hrún. Hlutfall útlendinga á vinnumarkaði var áætlað um 9,5% á árinu 2015 en hefur áður farið hæst í um 10% á árinu 2008.

Þó bæði körlum og konum fjölgi á vinnumarkaði er fjölgunin þó orðin nokkuð meiri meðal karla en kvenna. Því er hlutfall útlendinga á vinnumarkaði orðið heldur hærra meðal karla en kvenna, erlendar karlar eru um 9,8% af körlum á vinnumarkaði, en erlendar konur um 9,2% kvenna á vinnumarkaði. Þetta er þó minni munur en var framan af þensluskeiðinu fyrir hrún, þegar karlar voru í miklum meirihluta þeirra erlendu ríkisborgara sem hingað komu til starfa og fjölgadi þeim allt til ársins 2008 þegar þeir voru um 11,5% af heildarfjölda karla á vinnumarkaði.

Atvinnuleysi

Áætlað er að atvinnuleysi meðal útlendinga hafi verið um 5,7% á árinu 2015 og hefur það farið lækkandi allt frá árinu 2010 þegar það fór hæst í yfir 14%. Atvinnuleysið er talsvert meira meðal erlendra kvenna en erlendra karla, eða um 6,7% meðal kvenna á móti um 4,9% meðal karla, en atvinnuleysið hefur minnkað talsvert hraðar meðal erlendra karla en kvenna síðustu 2 ár samfara auknum umsvifum í byggingariðnaði og fleiri greinum. Atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara er talsvert meira en meðal landsmanna í heild þó svo að munurinn fari smátt og smátt minnkandi. Mest er atvinnuleysið enn meðal Pólverja.

Árstíðasveiflur í atvinnuleysi útlendinga hafa verið miklar og eru enn nokkru meiri en meðal íslenskra ríkisborgara þó svo dregið hafi úr þeim sveiflum eftir því sem atvinnuleysið hefur farið minnkandi.

ATVINNUMÁL ÚTLENDINGA

Atvinnuleyfi, starfsmannaleigur og erlend þjónustufyrirtæki

Atvinnuleyfi útlendinga

Vinnumálastofnun fer með framkvæmd laga nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga. Lögin kveða á um rétt útlendinga til að starfa hér á landi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem og þeim er ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma hingað til lands í því skyni að vinna. Samkvæmt lögnum ber útlendingi að fá útgefið atvinnuleyfi áður en honum er heimilt að hefja störf á Íslandi. Hins vegar er mælt fyrir um undanþágur frá þeirri meginreglu í lögnum og viðtækust þeirra er sú undanþága sem tekur til ríkisborgarara aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, en þeim aðilum er heimilt að starfa hér á landi án atvinnuleyfis.

Á grundvelli laganna gefur Vinnumálastofnun út atvinnuleyfi til handa þeim útlendingum sem þess þurfa og hefur stofnunin eftirlit með því að útlendingar á innlendum vinnumarkaði starfi í samræmi við lög.

Starfsmannaleigur og erlend þjónustufyrirtæki frá EES

Vinnumálastofnun fer með framkvæmd laga nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra (e. posted workers) og laga nr. 139/2005 um starfsmannaleigur (e. temporary work agencies). Um er að ræða þjónustufyrirtæki þegar starfsmaður/-menn eru sendir hingað til lands til starfa undir verkstjórn þess í tengslum við samning við notendafyrirtæki um veitingu þjónustu hér á landi. Einnig er um að ræða þjónustufyrirtæki þegar starfsmaður/-menn eru sendir hingað til lands á vegum fyrirtækisins til starfsstöðvar eða fyrirtækis í eigu sömu fyrirtækjasamstæðu hér á landi. Þá er hins vegar um að ræða starfsmannaleigu þegar starfsmaður er leigður gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustað innlends notendafyrirtækis undir verkstjórn þess. Það sem greinir því á milli þjónustufyrirtækja annars vegar og starfsmannaleiga hins vegar er verkstjórnin. Fari notendafyrirtæki með verkstjórn þá er um að ræða starfsmannaleigu.

Markmið laganna er meðal annars að tryggja að starfsmenn erlendra þjónustufyrirtækja og starfsmannaleiga njóti þeirra starfskjara sem gilda á Íslandi, þ.e. að starfskjör þeirra séu í samræmi við íslensk lög og kjarasamninga. Lögin eru sett á grundvelli tilskipana ESB um erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur og er ætlað að stuðla að jafnri samkeppnisstöðu íslenskra og erlendra fyrirtækja sem og að sporna gegn félagslegum undirboðum.

Samkvæmt lögnum er starfsmannaleigum og erlendum þjónustufyrirtækjum skylt að tilkynna sig til Vinnumálastofnunar, veita upplýsingar um þá starfsmenn sem starfa hér á landi og skila inn afriti af ráðningarsamningum og þjónustusamningi við hið innlenda notendafyrirtæki. Vinnumálastofnun er falið það hlutverk að meta hvort starfskjör starfsmanna starfsmannaleiga og erlendra þjónustufyrirtækja séu í samræmi við íslenska kjarasamninga og hvort önnur skilyrði laganna séu uppfyllt.

Fjölgun mála á árinu 2015

Um mitt ár 2015 fjölgaði fyrirspurnum og skráningum í tengslum við starfsmannaleigur og erlend þjónustufyrirtæki og segja má að í fyrsta sinn frá setningu laganna hafi farið að reyna á túlkun þeirra og framkvæmd. Enn fremur þá fjölgaði umsóknum um atvinnuleyfi á árinu 2015 frá því sem verið hafði undanfarin ár, en fjöldi umsókna sem Vinnumálastofnun barst vegna atvinnuleyfa fór úr 1.076 umsóknum vegna ársins 2014 upp í 1.405 á árinu 2015. Til að bregðast við auknum umsvifum þessara mála hjá Vinnumálastofnun var farið í skipulagsbreytingar innan stjórnsýslusviðs stofnunarinnar. Farið var yfir verkefni starfsmanna sviðsins og þau endurskilgreind, farið var yfir verkferla og nýir útbúnir sem og samstarf við aðrar opinberar stofnanir var styrkt, allt í þeim tilgangi að tryggja vönduð vinnubrögð í málaflökknunum.

9 starfsmanna- leigur og 18 erlend þjónustufyrirtæki voru starfandi á árinu 2015

skv. skráningu
til Vinnuáhrifa

Tölulegar upplýsingar

Yfirlit yfir útgáfu nýrra leyfa

Tegund leyfa / Ár	2015	2014	2013	2012	2011
A1- Nýtt sérfræðiþekking	103	56	49	62	60
B1- Nýtt skortur á vinnuafli	74	69	55	63	59
C1- Nýtt íþróttafólk	124	128	121	103	108
D1- Nýtt sérstakar ástæður	81	45	23	30	23
E1- Nýtt fjölskyldusameining	61	54	47	50	65
F1- Nýtt þjónustusamningur	39	7	10	26	39
G - Námsmaður	210	175	119	102	86
Samtals:	692	534	424	436	440

Yfirlit yfir öll útgefin leyfi, synjanir og afturkölluð leyfi

Tegund / Ár	2015	2014	2013	2012
Ný tímabundin leyfi	443	352	295	308
Framlenging sami vinnustaður	305	306	310	292
Framlenging nýr vinnustaður	105	58	69	58
Óbundin atvinnuleyfi	67	80	79	96
Námsmaður	216	175	119	102
Þjónustusamningur	43	10	20	30
Synjanir	68	44	59	38
Hætt við / Afturkallað	78	39	25	47
Samtals afgreiddar umsóknir:	1325	1064	976	971

Sjá má í töflunni hér að neðan að útgefnum leyfum hefur fjölgað nokkuð á fyrstu 3 mánuðum ársins 2016 miðað við sömu mánuði síðustu ár

Veitt leyfi / Ár	2013	2014	2015	2016
Janúar	86	58	53	112
Febrúar	70	79	51	120
Mars	72	80	137	96
Alls	228	217	241	328

Starfsmannaleigur og nýtingu erlendra þjónustufyrirtækja

Starfsmannaleigur	2013	2014	2015	2016 (jan-mars)
Starfsmannaleigur	1	4	9	15
Starfsmenn	10	22	165	255

Erlend þjónustufyrirtæki	2013	2014	2015	2016 (jan-mars)
Þjónustufyrirtæki	3	5	18	11
Starfsmenn	50	91	341	238

Samstarf opinberra stofnana

Á árinu 2015 var myndaður samstarfshópur opinberra aðila, þ.e. Vinnumálastofnunar, Vinnueftirlits ríkisins og Ríkisskattstjóra, en allar stofnanirnar fara með höndum eftirlit á innlendum vinnumarkaði á einn eða annan hátt. Jafnframt eiga framangreindar opinberar stofnanir í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins vegna eftirlits á vinnumarkaði. Hefur samstarfshópurinn farið í sameiginlegar eftirlitsferðir sem skilað hafa góðum árangri auk þess sem stofnanirnar hafa eftt upplýsingaflæði milli sín í samræmi við lagaheimildir þar um.

Vettvangseftirlit Vinnumálastofnunar

Auk framangreindra sameiginlegra eftirlitsferða hóf Vinnumálastofnun að sinna virku vettvangseftirliti, þ.e. eftirlitsheimsóknum á vinnustaði. Í eftirlitsferðum sínum aflar Vinnumálastofnun mikilvægra upplýsinga um starfsemi erlendra aðila og starfsmannaleiga sem er tilkynningarskyld til stofnunarinnar. Hefur stofnunin, þegar við á, skorað á hlutaðeigandi aðila að skrá sig og sína starfsmenn með viðhlítandi hætti og skila inn ráðningarsamningum og þjónustusamningum. Með þessu móti hefur Vinnumálastofnun borist skráningar og upplýsingar sem stofnuninni hefði ekki borist ef ekki væri fyrir virkt vettvangseftirlit sem og að stofnunin hefur fengið betri yfirsýn yfir málefni erlendra þjónustufyrirtækja og starfsmannaleiga hér á landi.

Í vettvangseftirliti Vinnumálastofnunar kannar stofnunin enn fremur atvinnuleyfi þeirra útlendinga sem starfandi eru á vinnustaðnum og koma frá löndun utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í þeim tilfellum sem komið hefur í ljós að útlendingur starfar án tilskilinna leyfa kallar Vinnumálastofnun til lögregluna sem tekur yfir forræði málsins.

Afgreiddar foru 261 fleiri atvinnuleyfisumsóknir á árinu 2015 en á árinu 2014, eða samtals 1.325

- Þá fjölgaði útgefnum nýjum tímabundnum atvinnuleyfum, en síðastliðin ár hafa þau verið um 400 - 500, en árið 2015 voru þau nær 700.
- Í töflunni hér til hliðar má sjá samantekt á útgáfu nýrra leyfa, helstu breytingar eru:
- Aukning er í öllum flokkum nema íþróttaleyfum og ótímabundnum leyfum.
- Sérfræðingsleyfin hafa næstum tvöfaldast.
- Bakvið 81 leyfi vegna sérstakra ástæðna eru 46 leyfi fyrir hælisleitendur.
- Mikil aukning er í útgáfu námsmannaleyfa.
- Þjónustuleyfi – 33 leyfi eru vegna framkvæmda Landsnet við Sigöldulínu 3.
- Talsverð aukning varð á árinu 2015 í umsvifum starfsmannaleiga og nýtingu erlendra þjónustufyrirtækja eins og sjá má í töflunni hér til hliðar. Tölur fyrstu þriggja mánaða 2016 sýna að sú aukning hefur haldið áfram.

STYRKIR TIL ATVINNUMÁLA KVENNA 2015

Styrkir til atvinnumála kvenna eru veittir af félags- og húsnæðismálaráðherra en Vinnumálastofnun sér um verkefnið. Þeir eru ætlaðir konum sem vinna að góðum viðskiptahugmyndum og verkefnum, og eru skilyrði styrkveitinga þau að verkefni séu í eigu kvenna og feli í sér nýnæmi eða nýsköpun.

Einstaklingar og fyrirtæki í eigu kvenna geta sótt um styrk og heimilt er að sækja um vegna verkefna á byrjunarstigi sem og styrki til verkefna í starfandi fyrirtækjum.

Styrkir eru veittir til gerðar viðskiptaáætlunar, markaðssetningar, vöruþróunar, hönnunar og vegna launakostnaðar en ekki eru veittir styrkir til framkvæmda eða stofnkostnaðar.

Árið 2015 bárust 239 umsóknir um styrki og komu þær hvaðanæva af landinu en 35 milljónir króna voru til útlutunar. Umsóknir eru metnar af ráðgjafarnefnd sem skipuð er fulltrúum frá velferðarráðuneyti, Vinnumálastofnun og Jafnréttisstofu.

Styrkjum var útlutað þann 30. apríl og fengu 34 verkefni styrki að heildarupphæð kr. 35 milljónir en Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra afhenti styrkina við hátíðlega athöfn í Bláa lóninu.

Að venju hlutu fjölbreytt verkefni styrk en hæstu styrki hlutu eftirfarandi verkefni:

Elísabet Axelsdóttir, kr. 3.000.000 vegna verkefnisins „Þróun og smíði á gagnagrunni vegna efnamælinga.“ Viðskiptahugmyndin er að bjóða til sölu þjónusturannsóknir til aðila í landbúnaði og hverjum öðrum sem þörf hafa fyrir, með fullkomnum tækjabúnaði og rækilega prófuðum aðferðum.

Eyrún Huld Ásvaldsdóttir, kr. 2.350.000 vegna verkefnisins

„Krummusæti, auka sæti til að festa á hnakk.“ Krummusæti er auka sæti sem festist á hnakk framan við knapa en axlarbandabelti fylgir með sem festir barnið við knapann og sætið gerir það að verkum að það er mun þægilegra og öruggara fyrir barnið að sitja í hnakknum.

Hildur Þóra Magnúsdóttir, kr.2.300.000 vegna verkefnisins „Pure Thyroid - þurrkun og nýting skjaldkirtla úr sláturdýrum.“ Inntaka á þurrkuðum skjaldkirtli úr hreinum dýraafurðum, virkar vel á vanvirkan skjaldkirtli en hráefnið er afgangsafurð sem fellur til við slátrun.

Ankra, kr. 2.200.000 vegna verkefnisins „Þróun á íslenskum collagen hylkjum við liðverkjum.“ Verkefnið snýst um að þróa og markaðssetja náttúruleg fæðubótaefni úr íslensku fiskikollageni.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni:

www.atvinnumalkvenna.is.

239 umsóknir
bárust um lánatryggingar

34 verkefni fengu alls
35 milljónir



Styrkhafar 2015

Svanni – lánatryggingasjóður kvenna

Svanni – lánatryggingasjóður kvenna veitir lánatryggingar til fyrirtækja í eigu kvenna og er sjóðurinn í eigu velferðarráðuneytisins, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og Reykjavíkurborgar. Starfstími sjóðsins var tímabundinn og lauk verkefninu formlega í lok ársins 2014 en í júní 2015 var samþykkt að halda starfsemi áfram til loka ársins 2018.

Sjóðurinn er í samstarfi við Landsbankann, en þau fyrirtæki sem fá afgreidda lánatryggingu þurfa ekki að leggja fram veð fyrir láninu, en sjóðurinn og bankinn ábyrgjast lánið til helminga.

Stjórn sjóðsins árið 2015 skipuðu þau Jóhanna Hreiðarsdóttir, formaður og fulltrúi velferðarráðuneytis, Sigbrúður Ármann, fulltrúi atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og Barði Jóhannesson, fulltrúi Reykjavíkurborgar.

Vinnumálastofnun hefur umsjón með verkefninu samkvæmt sérstökum samstarfssamningi og er Ásdís Guðmundsdóttir verkefnastjóri þess.

Árið 2015 bárust 11 umsóknir um lánatryggingar og var 2 lánatryggingum úthlutað alls að upphæð 14.000.000.

Ráðgjöf og handleiðsla er hluti af afgreiðslu lánatrygginga, en lánþegar skuldbinda sig til að gera samninga um ráðgjöf við þar til bæra aðila, svo sem atvinnuþróunarfélög, Nýsköpunarmiðstöð Íslands eða aðra ráðgjafa.

Ennfremur þurfa lántakar að skila ársskýrslum fyrir lok apríl hvert ár á meðan lán er virkt og heimilt er að kalla eftir framvinduskýrslum á tímabilinu.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni

www.svanni.is.

EURES

- evrópsk vinnumiðlun

EURES evrópsk vinnumiðlun tilheyrir öflugri starfsemi á ráðgjafar- og vinnumiðlunarsviði Vinnumálastofnunar og hefur verið starfandi á Íslandi frá árinu 1995. EURES er samstarfs-vettvangur opinberra vinnumiðlana á evrópska efnahagssvæðinu. Tveir EURES ráðgjafar sem staðsettir eru á þjónustuskrifstofu á höfuðborgarsvæðinu sinna verkefnum fyrir EURES á landsvísu, en meginmarkmið EURES er að stuðla að hreyfanleika vinnuafis á milli landa til að bregðast við staðbundnum sveiflum á vinnumarkaði og atvinnuleysi.

31 ríki sem aðilar eru að EES samningum, auk Sviss í gegnum sérstakan samning, taka þátt í EURES verkefninu og eru í Evrópu starfandi um 850 EURES ráðgjafar. Árið 2015 var sérstakt ár í sögu EURES á Íslandi þar sem verkefnið fékk í fyrsta skipti frá því starfsemi hófst ekki fjárveitingu frá Evrópusambandinu. Setti það strík í reikninginn hvað varðaði fyrirhuguð verkefni fyrir árið, en EURES ráðgjöfunum tveimur sem starfa hjá Vinnumálastofnun tókst þrátt fyrir bakslagid að sinna mörgum mikilvægum þáttum starfseminnar.

Nýjar reglur um fjármögnun

Á árinu tóku gildi nýjar reglur varðandi fjárveitingu EURES hjá Evrópusambandinu sem í stuttu máli má skýra þannig að fjármagn til verkefnisins deildist niður í tvo potta, annars vegar pott sem tilheyrði Evrópusambandslöndum og hins vegar pott sem tilheyrði EES/EFTA löndum. Settur var upp einkunnakvarði fyrir umsóknir um fjárveitingu og voru umsóknum gefin stig eftir nýjum mælikvörðum. Umsókn Íslands hlaut ekki nægilega mörg stig til að fá fjárveitingu, en það munandi afar litlu. Verkefnisstjóra EURES voru því sett heilmikil takmörk þegar kom að því að skipuleggja verkefni

fyrir árið. Ákveðið var að leggja ríka áherslu á gott samband og samstarf við atvinnuleitendur og atvinnurekendur. Sinna skyldi ráðgjöf og samskiptum við báða hópa, auglýsa störf, aðstoða við leit að starfsfólki og sinna eftirfylgni af mikill nákvæmni. Eins var lagt upp með að taka þátt í eins mörgum viðburðum, kynningum, fundum, o.s.frv. sem unnt var án fjárútláta og halda þannig tengslum við samstarfsaðila innan EURES í Evrópu og aðra utanaðkomandi.

Starfakynningar og samstarf

Hitt húsið stóð fyrir Útþrá 19. febrúar þar sem tækifæri erlendis voru kynnt fyrir ungu fólki. EURES tók þátt í opnu húsi ásamt fulltrúum fjölmargra samtaka þar sem gestir gátu kynnt sér hina ýmsu möguleika á tækifærum erlendis. Dræmari þátttaka var heldur en oft áður, en þeir sem komu áttu greiðan aðgang að upplýsingum og var vel staðið að viðburðinum hjá starfsfólki Hins hússins.

Starfakynning í samstarfi við EURES í Noregi var haldin 23. mars, að frumkvæði EURES NO og norskra atvinnurekenda sem höfðu áhuga á að koma til landsins og kynna starfstækifæri fyrir íslenskum atvinnuleitendum. Nokkur reynsla er komin á viðburði sem þessa og samstarf milli EURES í Noregi og á Íslandi sem hefur gengið mjög vel síðustu ár. Kynning fór fram á Centerhotel Plaza í Reykjavík en þar gafst gestum kostur á að ræða við íslenska og norska EURES ráðgjafa og fulltrúa 7 norskra fyrirtækja og sveitarfélaga. Störf voru fyrirfram auglýst í Fréttablaðinu og á heimasíðu EURES á Íslandi en fyrirtæki voru einkum í leit að starfsfólki í byggingariðnaði, mannvirkjagerð, hafnarvinnu, heilbrigðisstarfsfólki, kennurum, starfsfólki við landbúnað og ýmis störf við hótél- og veitingarekstur. Um 320 gestir sóttu kynninguna. Atvinnurekendur voru samkvæmt skýrslu norsku EURES ráðgjafanna mjög ánægðir með daginn, margir hittu fjölda frambærilegra umsækjenda um störf, fjölmörg atvinnuviðtöl fóru fram, tungumálakunnátta atvinnuleitenda var góð og ljóst að viðburður sem þessi átti fullt erindi við íslenska atvinnuleitendur. Samstarf EURES ráðgjafa gekk afar vel, norsku EURES ráðgjafarnir voru ánægðir með vinnubrögð



og þekkingu íslenskra samstarfsfélaga og minnstust sérstaklega á það í skýrslu sinni sem unnin var að viðburði loknum.

Árlegur sameiginlegur upplýsingafundur EURES, Hallo Norden og Ríkisskattstjóra fyrir atvinnuleitendur sem hugðu á flutning til Noregs, Svíþjóðar eða Danmerkur var haldinn 11. maí í húsaáskynnum Vinnumálastofnunar, Kringlunni 1. Haldnir voru tveir fundir, einn um Noreg og annar þar sem upplýsingar voru veittar um Svíþjóð og Danmörku. Sem fyrr voru fundir vel sóttir en haldin voru þrjú erindi um atvinnuleit á Norðurlöndum, ýmis hagnýt atriði tengd flutningum, námi og starfi erlendis og svo var klykkt út með greinargóðum fyrirlestri um skattalöggjöf. Fyrirspurnir gesta úr sal voru margar og fengu fyrirlesarar góð viðbrögð við fundi.

EURES ráðgjafar hittu með reglulegu millibili svokallaðan Evrópuhóp á árinu, en það er hópur evrópustyrktra verkefna á Íslandi. Hópurinn heldur úti sameiginlegri vefsíðu www.evropusamvinna.is þar sem finna má upplýsingar um hverja áætlun fyrir sig. Ráðgjafar tóku jafnframt þátt í fundum innflytjendeymis sem hittist reglulega á árinu og deildi upplýsingum um málefni er varða stöðu innflytjenda á Íslandi.

Fyrirséð var að ekki var hægt að taka þátt í neinum fundum erlendis sem haldnir voru á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sökum skorts á fjárveitingu, en EURES ráðgjafar nýttu sér vefnámskeið eða webinar EURES og tóku þátt í fjórum slíkum námskeiðum á árinu. Samstarfsverkefni EURES hefur síðustu ár aukið mjög rafræn samskipti á borð við vefnámskeið, fundi með fjarfundabúnaði og netspjall og það sýndi sig vel á árinu hve slík samskipti skipta miklu máli fyrir litla deild með takmörkuð fjárráð, á borð við þá sem hér er fjallað um.


Þjónusta EURES

Eins og nefnt var í upphafi þá setti EURES sér það markmið að sinna vel þeim þáttum þjónustunnar sem kröfðust ekki fjárráða og var þar í forgangi að viðhalda góðu sambandi við atvinnuleitendur og atvinnurekendur. Það er styst frá því að segja að það verkefni fór fram úr væntingum og tókst mjög vel. Lagt var upp með áætlun um að sinna atvinnurekendum áfram eins vel og kostur væri, aðstoða þá við að auglýsa störf, finna starfsfólk og sinna eftirfylgni vel. 175 störf voru auglýst á árinu í 368 stöðugildum sem er töluverð aukning frá 71 starfi og 124 stöðugildum á árinu á undan. Gera verður ráð fyrir því að einhver hluti starfa hafi verið skráður í tengslum við umsóknir um atvinnuleyfi, en það eru skýr merki um aukningu í slíkum umsóknum. Sem fyrr reyndist það erfiðasta verkefnið að fá staðfestar ráðningar hjá atvinnurekendum. Lagðar voru skýrar línur varðandi eftirfylgni með aug-

4.906

umsóknir bárust

frá erlendum atvinnuleitendum



43% aukning á rafrænum fyrirspurnum

lýstum störfum og náðu EURES ráðgjafar upplýsingum um 87 staðfestar ráðningar. Það er meira en í fyrra, en betur má ef duga skal og verður áfram unnið með eftirfylgni á næsta ári. Það var 20% aukning í umsóknum í EURES grunn, en það er sá umsóknargrunnur sem erlendir atvinnuleitendur sem áhugasamir eru um EURES störf á Íslandi nota til að sækja um þau störf. 4906 umsóknir bárust í samanburði við 4075 í fyrra. Líkt og í fyrra þá bárust flestar umsóknir frá Póllandi, þar á eftir voru Spánn og Ítalía stærstu löndin. Þegar árið 2014 var gert upp þá kom það EURES ráðgjöfum töluvert á óvart hve mikil aukning hafði orðið á fyrirspurnum í tölvupósti. 23% aukning varð á milli áruna 2013 og 2014. Jókst flæði rafrænna samskipta enn á árinu og var 43% aukning á milli áruna 2014 og 2015. Samtals bárust 1284 tölvupóstar í samanburði við 897 árið á undan. Benda tölur til þess að notendur EURES kjósi helst rafrænan samskiptamáta, enda er það einfalt og fljótlegt og mikið lagt upp úr þjálfun rafrænna leiða hjá EURES ráðgjöfum almennt.

Að loknu heilu ári án fjárveitingar frá Evrópusambandinu þá var það EURES mikið gleðiefni að fá vilyrði um fjárveitingu fyrir árið 2016, en umsókn sem send var inn skoraði hátt og þótti vel unnin. Undir lok árs 2015 lögðust EURES ráðgjafar undir feld og hófu mótun framtíðarsýnar verkefnisins fyrir næsta ár. EURES er hluti af vinnumiðlun og ráðgjafarsviði Vinnumálastofnunar, en hópur var myndaður undir lok árs til að sinna kynningarstarfsemi á þjónustu Vinnumálastofnunar við atvinnurekendur. Báðir EURES ráðgjafar Vinnumálastofnunar tóku sæti í þeim hópi og áttu þátt í mótun verkefnisins sem skipa á stóran sess á árinu 2016.

ATVINNUMÁL FATLAÐRA

Ráðgjöf og stuðningur við atvinnuleitendur með skerta starfsgetu hefur alltaf verið hluti af þjónustu Vinnumálastofnunar. Þjónustan felst meðal annars í að kortleggja áhuga og starfsgetu atvinnuleitenda og hvetja og styðja að því marki sem þörf er á hverju sinni. Stuðningurinn getur meðal annars falist í ferilskrárgerð, aðstoð við atvinnuleit og umsóknarferli, vísun í önnur virkniúrræði samhliða atvinnuleit, kynningu á vinnusamningi öryrkja og að vera til taks ef vandamál koma upp á vinnustað.

Virkjum hæfileikana- alla hæfileikana var hleypt af stokkunum á síðasta ári en það er samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar, Öryrkjabandalags Íslands, Geðhjálpur og Þroskahjálpar. Markmið með verkefninu er að hvetja stofnanir og fyrirtæki til að ráða atvinnuleitendur með skerta starfsgetu. Til að kynna verkefnið var farið í kynningarherferð sem tókst vel og í kjölfar hennar skipulagði Vinnumálastofnun heimssóknir í stofnanir og fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga um allt land.

Fulltrúar Vinnumálastofnunar fóru ásamt atvinnuleitendum með skerta starfsgetu í heimsóknirnar. Þarna gafst tækifæri til að kynna þjónustu Vinnumálastofnunar, fjalla um atvinnumöguleika atvinnuleitenda með skerta starfsgetu og ræða möguleika hvernar stofnunar til að ráða til sín fjölbreyttan hóp starfsmanna. Forsvarsmenn stofnananna fengu afhentan hvatningargrip, Origami fugl sem hannaður var af Kára Ægissyni í sérstakri öskju í þeim tilgangi að kynna fjölbreyttan hóp atvinnuleitenda. Askjan var unnin á Múla- lundum sem er verndaður vinnustaður og pökkunin fór fram á starfsþjálfunarstaðnum Örva.



Átakið skilaði fjölbreyttum starfstækifærum fyrir atvinnuleitendur með skerta starfsgetu og var einnig mikilvæg kynning í því stóra verkefni að virkja og nýta alla hæfileika. Virkjun hæfileika allra eykur lífsgæði og auðgar mannlíf auk þess sem atvinnulífið þarf á fleiri vinnandi höndum að halda.





Vinnumálastofnun stóð fyrir Fyrirmyndardeginum annað árið í röð og var hann haldinn þann 17. apríl. Markmið með Fyrirmyndardeginum er að atvinnuleitendur með skerta starfsgetu fái tækifæri til að vera gestastarfsmenn í fyrirtækjum og stofnunum í einn dag og fái innsýn í fjölbreytt störf og tækifæri til að kynna sig á vinnustað.

Í ár var áhersla lögð á þátttöku opinberra stofnana og sveitarfélaga til að fylgja eftir áttakinu Virkjum hæfileikana - alla hæfileikana. Vel tókst til og voru rétt um 70 gestastarfsmenn sem tóku þátt í deginum víða um land. Almenn ánægja var meðal fyrirtækja og stofnana sem lögðu sig fram um að gera daginn eftirminnilegan. Gestastarfsmenn fengu fjölbreytt tækifæri á að prófa margvísleg störf og fylgjast með degi í starfsemi vinnustaðanna. Það er gríðarlega mikilvægt að atvinnuleitendur sem margir hverjir hafa takmarkaða reynslu af vinnumarkaði fái tækifæri til þess að fylgjast með og taka þátt í fjölbreyttum verkefnum. Slík reynsla skiptir sköpum í áframhaldandi atvinnuleit og auðveldar fólki að velja hvaða starf hentar þeim og er eftirsóknarvert.

Á facebooksíðu Fyrirmyndardagsins má finna logo eða auðkenni allra þátttökufyrirtækja og stofnana og geta fylgjendur síðunnar séð hvaða vinnustaðir tóku þátt og sýndu þannig í verki samfélagslega ábyrgð. Fyrirmyndardagurinn er kominn til að vera og er afar mikilvægur í að skapa fjölbreytt starfstækifæri fyrir atvinnuleitendur með skerta starfsgetu. Dagurinn minnr um leið fyrirtæki og stofnanir á það hversu miklu máli það skiptir að gefa öllum tækifæri á atvinnu.

Seinni hluta árs 2015 voru línur teknar að skýrast um framtíðarskipan í atvinnumálum fatlaðs fólks og útlit fyrir að veigamikill hluti þjónustunnar myndi færast frá sveitarfélögum til Vinnumálastofnunar. Settur var á fót undirbúningshópur á vegum stofnunarinnar sem gerði þarfagreiningu og lagði mat á umfang þjónustunnar til að undirbúa verkefnið sem best.



GREIÐSLUSTOFA

Greiðslustofa Vinnumálastofnunar hefur það verkefni að annast fjárvörslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð og Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Í því felst að taka við umsóknum um atvinnuleysisbætur, afgreiða þær samkvæmt lögum og greiða út mánaðarlega ásamt því að ákvarða um biðtíma, beita viðurlögum, annast eftirlit með greiðslu bóta og sjá um innheimtu ofgreiddra bóta uppfylli umsækjandi ekki skilyrði laganna eða hafi fengið ofgreitt.

Starfsemin

Árið 2015 voru gerðar breytingar á verklagi í afgreiðslu umsókna og þjónustuveri. Fyrir breytingu voru fulltrúar eingöngu í afgreiðslu umsókna eða í símsvörun. Afgreiðslu umsókna var skipt á fulltrúa eftir kennitölum. Breytingin fól það í sér að umsóknir voru afgreiddar eftir flokkum og dagsetningu og fulltrúar skiptu með sér símsvörun og afgreiðslu umsókna. Þjónustuskrifstofur flokkuðu umsóknir eftir stöðu, líklega samþykkt, frestun og matsumsóknir. Þessi flokkun var nýtt við í skipulagningu starfsstöðva. Starfsstöðvarnar sem fulltrúar rúlla/skipta á milli sín voru, auk umsóknanna, stök gögn og símsvörun. Aðrir starfsmenn Greiðslustofu taka einnig sínavaktir einu sinni til tvisvar í mánuði. Hefur þessi breyting reynst vel, starfsfólk tók fullan þátt í að skipuleggja starfið og eiga þau miklar þakkir skilið fyrir það.

Tekið var á móti um 12.000 umsóknum á árinu 2015 og eru það færri umsóknir en tekið var á móti á árinu 2014 en þá voru þær um 13.200. Þó umsóknum hafi fækkað þá eru snertingar við einstaklinga á atvinnuleysisbótum fleiri nú en árið 2014. Árið 2014 voru snertingar á fundum um 22.000 samanborið við árið 2015 þar sem snertingar á fundum voru um 22.600.

Greiðslustofa svaraði 13.100 tölvupóstum árið 2015

Árið 2014 tók Greiðslustofa að mestu leyti við eftirlitsdeild Vinnumálastofnunar sem áður var staðsett í Reykjavík. Hefur það verkefni gengið mjög vel þó alltaf megi bæta við eftirlitið. Sjá má skýrslu um eftirlitsmálin hér í ársreikningi.

Alls greiddi Greiðslustofa út rúmlega 11 milljarða í atvinnuleysisbætur á árinu 2015 og var meðalfjöldi viðskiptavina í mánaðarlegri útborgun 5.303, flestir í mars eða 6.116 og fæstir í október eða 4.483. Þjónustuver Greiðslustofu sinnti upplýsingagjöf og veitti skýringar á stöðu mála bæði til umsækjenda sem og starfsmanna Vinnumálastofnunar auk þess sem um 13.100 tölvupóstum var svarað. Þá sendi skrifstofan frá sér um 15.000 formleg bréf og skattkort og eru þá ekki talin með þau bréf sem send voru út vegna samkeyrslu RSK sem voru um 2.300 talsins. Samstarf var við Sýslumanninn á Blönduósi/

Innheimtumiðstöð (IMST) um innheimtu á endurkröfum á ofgreiddum atvinnuleysisbótum og gekk það samstarf með ágætum. Send voru um 600 mál til sýslumanns þar sem heildarupphæð nam um 91 milljón, eru þetta mál sem að tilheyrja bæði árinu 2015 og fyrri árum. Góður starfsandi hefur ríkt á Greiðslustofu frá stofnun hennar árið 2007 og er starfsmannahópurinn þéttur.

ERLENT SAMSTARF

Vinnumálastofnun er á hverju ári þátttakandi í erlendu samstarfi um vinnumál sem hefur áhrif á starfsemi stofnunarinnar. Slíkt samstarf er fjölbreytt og mikilvægt fyrir stofnunina til þess að bæta sig og vera meðvituð um það sem önnur lönd leggja áherslu á í vinnumarkaðsmálum hverju sinni.

Norrænt samstarf

Að því er varðar norrænt samstarf eru það einkum vinnumarkaðsmál og málefni atvinnuleysistrygginga sem Vinnumálastofnun og velferðarráðuneytið koma að.

Fulltrúar frá Vinnumálastofnun og velferðarráðuneytinu eiga sæti í norrænu embættismannanefndinni um vinnumál (EK-A). Hún hefur það hlutverk að hafa umsjón með og fylgja eftir ákvörðunum norrænu vinnumarkaðsráðherranna innan samstarfsins á vegum Norræna ráðherraráðsins (MR-A). Sú nefnd fundar tvisvar á ári þar sem hún m.a. tekur ákvarðanir um ráðstöfun sameiginlegs fjármagns sem varið er til norræna vinnumarkaðssamstarfsins á hverju ári. Gissur Pétursson forstjóri Vinnumálastofnunar og Ingi V. Jóhannsson deildarstjóri í velferðarráðuneytinu sitja í nefndinni fyrir hönd Íslands.

Innan norræna samstarfsins er einnig starfrækt norræn vinnumarkaðsnefnd þar sem Vinnumálastofnun á sinn fulltrúa fyrir Íslands hönd. Sú nefnd hittist tvisvar á ári og hefur það hlutverk að vera vettvangur umræðu um norræn vinnumarkaðsmál auk þess sem hún fylgir eftir ákvörðunum EK-A og MR-A. Nefndin úthlutar norrænu fé til rannsókna

og annarra viðburða sem hafa þann tilgang að styrkja og efla sýn og rannsóknir í norrænum vinnumarkaðsmálum. Verkefni nefndarinnar eru ávallt í samræmi við samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar auk þess sem hún vinnur með og styður við þær áherslur sem formennskulandið í samstarfinu hefur hverju sinni. Gissur Pétursson forstjóri Vinnumálastofnunar situr í nefndinni fyrir hönd Íslands auk þess sem Tryggvi Haraldsson sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun gegnir starfi ritara í nefndinni.

Á formennskuári Dana í Norræna ráðherraráðinu 2015 voru haldnir nokkrir viðburðir sem skírskotuðu til helstu áhersluþátta Dana það árið. Danir héldu ráðstefnu um atvinnuleysi ungmenna í Kaupmannahöfn þar sem megináherslan var á svokallaðan NEETs hóp atvinnuleitenda, en þar var Vinnumálastofnun með framsögu fyrir hönd Íslands. Auk þess stóðu þeir fyrir sérfræðimálstofu um frjálsa för vinnuafis á Norðurlöndunum auk ráðstefnu sem haldin var í Færeyjum um það hvernig Norðurlöndin geti betur tryggt sjálfbæra vinnumarkaði á jaðarsvæðum.

Unga in i Norden – Andleg heilsa – Vinna -Menntun – 2013-2016

Norræna ráðherranefndin tók ákvörðun árið 2012 að setja í forgang verkefni sem hefði það að markmiði að tryggja virkni og þátttöku ungs fólks í námi og á vinnumarkaði og að leitað yrði leiða til að standa vörð um andlega heilsu þeirra og velferð. Verkefnið hófst í lok árs 2013 og er ætlað að skila niðurstöðum haustið 2016. Nordens välfärdscenter í Stokkhólmi var falin ábyrgð á framkvæmd verkefnisins og vinnur að því með sérfræðingahópi sem í sitja fulltrúar landanna og er Hrafnhildur Tómasdóttir, sviðsstjóri ráðgjafar- og vinnumiðlunarviðs Vinnumálastofnunar fulltrúi Íslands í samráðshópnum. NVC og sérfræðingahópurinn eiga að skila útfærðum tillögum til norrænu ráðherranefndarinnar svo og aðgerðum sem auka líkur á þátttöku ungs fólks í námi og á vinnumarkaði. Sérstök áhersla er á vaxandi hóp ungs fólks sem glímur við andleg veikindi. Í verkefninu skal leggja

áherslu á þverfaglega nálgun og hugmyndir sem auka líkur á samstarfi heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, vinnumála- og skólakerfisins.

Ákvörðun um verkefnið var tekin í kjölfar ráðstefnu sérfræðinga um geðheilsu ungs fólks og ótímabæra örorku en sá hópur ungs fólks sem fer á örorku vegna andlegra veikinda er stór og fer sífellt vaxandi. Niðurstaða ráðstefnunnar var að setja þyrfti málið í forgang þar sem áhersla yrði lögð á að bæta og efla samstarfþjónustukerfa. Niðurstaða ráðstefnunnar var að sérstaklega þyrfti að líta til skólanna og hvernig þeir styðja við ungt fólk í viðkvæmri stöðu, hvernig megi fyrirbyggja og koma í veg fyrir brotthvarf úr skólum, hvernig megi auðvelda það þegar nemandi fara úr skóla og út á vinnumarkað og hvernig megi tryggja skjót viðbrögð og inngrip með virkni og stuðningi við þann hópur ungs fólks sem er í hættu á að lenda í ótímabærri örorku.

Leitað var svara við eftirtöldum spurningum: Hvernig getur velferðarkerfið/þjónustukerfin betur mætt þörfum ungs fólks í viðkvæmri stöðu? Hvað geta Norðurlöndin lært hvert af öðru? Og hvað geta önnur lönd lært af norrænu löndunum?

Markmið verkefnisins eru skilgreind svo:

- Að miðla þekkingu og reynslu á milli Norðurlandanna um aðgerðir sem tryggja virkni og þátttöku ungs fólks og geta komið í veg fyrir ótímabæra örorku.
- Að stuðla að samstarfi milli stofnana, rannsakenda, háskóla og fagaðila með það að markmiði að varpa ljósi á orsakir og afleiðingar þess að ungt fólk nær ekki að fóta sig á vinnumarkaði.
- Að stuðla að samstarfi um „besta úrræðið“ og þá sérstaklega þau úrræði sem snúa að því að tryggja yfirfærslu úr skóla yfir á vinnumarkað.
- Að stuðla að þróun þekkingar með rannsóknum, bæði norrænum og staðbundnum.
- Að framkvæma rannsóknir.
- Að skila tillögum með skýrum og skiljanlegum markmiðum sem stjórnvöld fylgja eftir.

Verkefninu lýkur haustið 2016 með lokatillögum til ráðherra-nefndarinnar en nú þegar hafa verið gefnar út skýrslur um rannsóknir og verkefni sem unnin hafa verið og má nálgast þær á heimasíðu verkefnisins:

www.nordicwelfare.org/Projekt/Unga-i-Norden

Evrópskt samstarf

Þegar sagt er frá Evrópsku samstarfi er nærtækast að nefna EURES evrópska vinnumiðlun sem Vinnumálastofnun hefur verið þátttakandi í frá 1995. Um það verkefni er fjallað ítarlega á öðrum stað í skýrslunni.

Gissur Pétursson forstjóri Vinnumálastofnunar á sæti í nefnd forstjóra opinberra vinnumiðlana (Public Employment Services) í Evrópu sem nefnist „Heads of PES.“ Sá hópur fundar að jafnaði í júní á hverju ári til þess að ræða helstu áskoranir, álitamál og áhersluþætti í þjónustu opinberra vinnumiðlana í löndum hins sameiginlega vinnumarkaðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Á evrópskum vettvangi tekur Vinnumálastofnun þátt í verkefni sem heitir Mutual Learning Programme. Markmið þess samstarfs er að miðla þekkingu á sviði vinnumarkaðsmála milli aðildarríkja EES með áherslu á stefnumörkun. Karl Sigurðsson sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun er fulltrúi stofnunarinnar í þeirri vinnu sem fer fram með svokölluðum Peer review fundum þar sem fulltrúar nokkurra ríkja í senn fara ítarlega ofan í ákveðna málaflokka og deila með öðrum ríkjum í gegnum sameiginlegan þekkingargagnagrunn.

Í gegnum evrópskt samstarf er Vinnumálastofnun einnig þátttakandi í verkefni á vegum European Centre for the Development of Vocational Training – CEDEFOP sem lítur að mati á framtíðarfærniþörf vinnumarkaðar annars vegar og mati á ójafnvægi milli hæfni og hæfniþarfar á vinnumarkaði í Evrópu hins vegar. Verkefnið byggir í grunninn á því að nota gögn úr vinnumarkaðsrannsóknum aftur í tímann sem nýttast löndum við framtíðarspár um þróun vinnumarkaðar. Fulltrúi Vinnumálastofnunar í þessu samstarfi er Karl Sigurðsson.

ESCO, European skills, Competences, Qualifications and Occupations er evrópskt verkefni sem stefnir að því að



hanna fjöltyngt flokkunarkerfi meðal Evrópusambandsríkja og EES landa sem mun einfalda Evrópubúum að fá hæfni sína og menntun metna þvert á landamæri álfunnar. Fulltrúar Vinnumálastofnunar í verkefnisstjórn ESCO eru Soffía Gísladóttir og Hrafnhildur Tómasdóttir. Verkefnið er í formi eins til tveggja funda á ári þar til innleiðingarferlinu lýkur, en stefnt er að því að kerfið líti dagsins ljós í lok ársins 2016.

Með ESCO verður auðveldara að :

- Skapa sameiginlegan skilning er varðar tækifæri á vinnumarkaði.
- Skiptast á upplýsingum.
- Vera í samstarfi þvert á landamæri og þvert á tungumál.
- Eiga samskipti á milli vinnumarkaðar og menntasamfélagsins.
- Para saman einstaklinga og störf.

Evrópsk samstarfsverkefni

Á hverju ári er Vinnumálastofnun þátttakandi í evrópskum samstarfsverkefnum sem iðulega eru styrkt af evrópskum áætlunum á borð við Erasmus+. Þátttaka stofnunarinnar í slíkum verkefnum er mjög mikilvæg og veitir tækifæri til að þróa og innleiða hugmyndir og hugmyndafræði við þjónustu sem nýtist svo í þjónustu stofnunarinnar við fólk á Íslandi.

Verkefni sem Vinnumálastofnun tók þátt í á árinu 2015

Þróunarverkefnið Job Broker er þriggja ára samstarfsverkefni sem hófst árið 2015. Markmið þess er að skilgreina og innleiða viðurkennt og vottað starfsheiti fyrir atvinnuráðgjafa á Íslandi, Bretlandi, Þýskalandi, Austurríki, Spáni, Ítalíu, Kýpur og Grikklandi. Markmið landanna er einnig að gerð verði námsskrá fyrir starfsheitið atvinnuráðgjafi líkt og gert hefur verið fyrir aðrar starfsstéttir sem vinna hjá opinberum vinnumiðlunum í löndunum.

Frumkvöðlaverkefnið Female – Fostering Entrepreneurship and Mentoring in Europe hófst árið 2013 og lauk síðla árs 2015. Vinnumálastofnun stýrði verkefninu en alls tóku 6 aðilar frá 5 löndum þátt í því. Markmið Female var að bjóða upp á fræðslu fyrir frumkvöðlakonur sem nýlega hafa stofn-

að fyrirtæki og hvetja þær til að hefja eigin fyrirtækjarekstur með því að veita hagnýtar upplýsingar sem nýtast í slíku ferli. Einnig var Female verkefnið hugsað sem tengslanet kvenna sem hefði aðgang að sameiginlegum samfélagsmiðli og heimasíðu sem inniheldur upplýsingar sem nýtast frumkvöðlakonum.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu verkefnisins:

www.femaleproject.eu

Á árinu 2015 fékk Vinnumálastofnun styrk úr Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins til að stýra Evrópska samstarfsverkefninu Free – Female Rural Enterprise Empowerment. Segja má að verkefnið sé framhald af Female verkefninu en með það markmið að efla hæfni frumkvöðlakvenna á landsbyggðinni. Boðið verður upp á fræðslu á netinu í þáttum er snúa að fyrirtækjarekstri og persónulegri hæfni ásamt virkri þátttöku í tengslaneti. Á Íslandi verður fræðslan í boði á þremur svæðum, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi, en öll þessi svæði eiga það sameiginlegt að þar er neikvæð byggðapróun og einhæft atvinnulíf. Samstarfsaðilar koma frá Bretlandi, Króatíu, Búlgaríu og Litháen auk Byggingastofnunar á Íslandi. Verkefnið hófst í september 2015 og lýkur árið 2018

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu verkefnisins:

www.ruralwomeninbusiness.eu

Evrópska samstarfsverkefninu Enterprise4all lauk á árinu 2015 en það hafði þá staðið yfir í tvö ár. Ásamt Íslandi voru þátttakendur frá Bretlandi, Austurríki, Ungverjalandi, Ítalíu og Spáni sem stýrði verkefninu. Verkefnið miðar að því að gera markhópi þess grein fyrir því hvaða færni, þekkingu og hæfni þá skorti til að geta skapað sín eigin tækifæri á vinnumarkaði. Markhópurinn samanstóð af ungum atvinnuleitendum, langtímaatvinnulausum og atvinnuleitendum sem voru eldri en 45 ára og sýnt höfðu áhuga á nýsköpun eða þróun eigin viðskiptahugmynda. Til að ná því markmiði var útbúið greiningartæki sem gerir markhópnum kleift að koma auga á þá færni, þekkingu og hæfni sem þá skortir. Niðurstaðan varð námsefni fyrir markhóp verkefnisins.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu verkefnisins:

www.enterprise4all.eu

Lögð er höfuðáhersla á að öll samstarfsverkefni sem Vinnumálastofnun tekur þátt í muni nýtast í áframhaldandi vinnu í þjónustu stofnunarinnar og sé í samræmi við starfsáætlun hennar ár hvert. Til þess að tryggja slíkt hefur stofnunin sett á laggirnar teymi starfsfólks sem hefur þann tilgang að auka möguleika, yfirsýn, fagmennsku og upplýsingaöflun við umsýslu og nýtingu á slíkum verkefnum.

FÓLKID OKKAR

1. Norðurland-eystra

Efri röð:

Sigríður Ásta Hauksdóttir
Sesselja B Jónsdóttir
Kristín Óladóttir
Hulda Steingrímisdóttir
Soffía Gísladóttir

Neðri röð:

Elin Björnsdóttir
Ingóldur Örn Helgason

2. Kringlan

Efri röð:

Tania Dianne Ellifson
Margrét Kr.
Gunnarsdóttir
Margrét Lind Ólafsdóttir
Tryggvi Haraldsson

Miðja:

Sandra T Árnadóttir
Ásdís Guðmundsdóttir
Sverrir Berndsen
Eiríka Ásgrímsdóttir

Neðsta röð:

Björgvin Steingrímsson
Sigríður Sæmundsdóttir
Frank Friðrik Friðriksson
Unnur Sverrisdóttir

3. Vestfirðir

Arnar Þór Stefánsson
Guðrún Stella
Gissuradóttir

4. Austurland

Stefán Þór Hauksson
Sigurveig Róbertsdóttir

5. Suðurland

Katrín Sigursteinsdóttir
Ingvaldur Guðjónsdóttir
Arndís Tómasdóttir
Svava Júlía Jónsdóttir

6. Fæðingarorlofssjóður

Efsta röð:

Leó Örn Þorleifsson
Þórdís Helga Benedikts-
dóttir
Sigurbjörg Jóhannes-
dóttir

Jóna V Valgerirdóttir

Miðröð:

Gunnar Sveinsson
Elin Jóna Rósinberg
Kristín Ólafsdóttir
G. Kristín Ólafsdóttir

Neðsta röð:

Ragnar Smári Helgason
Elísa Ýr Sverrisdóttir
Rósa Fanney Friðriks-
dóttir

7. Kringlan

Efsta röð:

Erla Hrönn Sveinsdóttir
Hallveig Ragnarsdóttir
Þorbjörg Bjarnadóttir
Helga Hassing

Mið röð:

Snjáfríður Jónsdóttir
Jóngeir Hlinason
Unnur Rannveig
Stefánsdóttir

Neðsta röð:

Vílmur Pétursson
Gunnar Richardsson

8. Greiðslustofa

Efsta röð:

Guðrún Magnúsdóttir
Þórunn Valdís Rúnars-
dóttir

Næst efsta:

Sigrún Þórisdóttir
Birna Velemir
Kristín B Leifsdóttir

Næsta:

Hallbjörg Jónsdóttir

Þriðja efsta:

Hjalti Viðar Reynisson
Herdis Þórunn
Jakobsdóttir
Runólfur Gautason

Næst neðst:

Ingá Rós Sævarsdóttir
Eygló Kristín Gunnars-
dóttir

Jóhann Hafsteinnsson

Neðsta:

Jensína Lýðsdóttir
Eva Dögg Bergþórsdóttir

9. Kringlan

Efsta röð:

Unnur Möller
Lilja Guðrún Guð-
mundsdóttir

Herborg Haraldsdóttir

Edda Bergsveinsdóttir

Mið röð:

Þróstur Sigurðsson
Kolbrún Stefánsdóttir
Sólveig Viðarsdóttir
Karl Sigurðsson

Neðsta röð:

Ólöf Björk Björnsdóttir
Hafdís Ólafsdóttir

10. Suðurnes

Sigbrúður Sigurðardóttir
Ingibjörg Benediktsdóttir
G. Íris Guðmundsdóttir
Oddný Þóra Kristjánds-
dóttir

Margrét Arnbjörg
Valsdóttir
Hlíf Arnbjörnsdóttir

11. Kringlan

Efsta röð:

Bjarni Þór Pétursson
Sveinn Sveinsson
Gyða Sigfinnsdóttir
Hrefna Guðmundsdóttir
Kolbrún Ýr
Guðmundsdóttir
Laufey Gunnlaugsdóttir
Elfa Dögg
Finnbogadóttir

Næst efsta:

Edda Sif Sævarsdóttir
Magnea Ingólfsdóttir
Sigrún Rós Elmers
Ingibjörg Kristinsdóttir
Hranhildur Tómasdóttir
Þóra Ágústsdóttir
Erna Harðardóttir
Elin Hallsteinsdóttir
Guðlaug H Pétursdóttir

Næst neðsta:

Ragnhildur Ísleifs
Ólafsdóttir
Ingibjörg Ebba
Björnsdóttir
Katrín Magnúsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Ragnheiður Hergeirs-
dóttir
Edda Björk Viðarsdóttir
Soffía G Ágústsdóttir

Neðsta röð:

Höskuldur Einarsson
Sigmundur Arnórsson
Óðinn M Baldursson
Bryndís Theódórsdóttir

12. Vesturland

Guðrún S Gísladóttir
Þóra Björk Scott
Bryndís Bragadóttir

13. Kringlan

Efri röð:

Valdimar Halldórsson
Þórdís Viborg
Gísli Davíð Karlsson

Neðri röð:

Ketil Jósefsson
Hreinn Hafliðason
Hugrún Jóhannesdóttir
Hafdís Hrönn Benedikts-
dóttir





EFTIRLITSDEILD VINNUMÁLASTOFNUNAR

HELSTU VERKEFNI EFTIRLITSDEILDAR 2015

Samkeyrslur

Eftirlit með þeim sem tilkynna ekki heimkomu eftir atvinnuleit erlendis.

Stök mál / ábendingar.

Móttaka flugmiða og skráning.

Eftirlit með staðfestingum og innskráningum á mínum síðum erlendis frá.

Hér á eftir verður greint frá störfum eftirlitsdeildar Vinnumálastofnunar á árinu 2015. Farið er yfir öll mál sem eftirlitsdeildin kom að á árinu þannig að samantekt ætti að gefa raunsæja mynd af verkefnum deildarinnar á árinu.

Námsmannasamkeyrslur

Námsmenn eru almennt ekki tryggðir innan atvinnuleysistryggingarkerfisins nema námið sé hluti af vinnumarkaðsaðgerð samkvæmt ákvörðun Vinnumálastofnunar. Á árinu 2015 var þrisvar sinnum óskað eftir upplýsingum úr nemendaskrá allra skóla á framhalds-, og háskólastigi. Þessar upplýsingar eru samkeyrðar við greiðsluskrá Vinnumálastofnunar. Þeir einstaklingar sem skráðir eru í nám án þess að hafa gert námssamning við Vinnumálastofnun kunna að sæta viðurlögum á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar.

Á árinu 2015 hóf eftirlitsdeildin alls 72 mál vegna námsmannasamkeyrslu. Þar af enduðu 41 með viðurlagaákvörðun eða 57% mála. Skuldamyndun nam 9.104.387,- kr. eða að meðaltali 222.058,- kr. á hvern einstakling sem sætti viðurlögum í þessum málaflokki.

Samkeyrsla við Samgöngustofu

Einu sinni á ári óskar Vinnumálastofnun eftir upplýsingum frá Samgöngustofu (áður Vegagerðinni) vegna akstursheimilda útgefninga til leigubílstjóra.

Á árinu 2015 fór Vinnumálastofnun af stað með 47 mál í þessum málaflokki og þar af var 37 málum lokið með viðurlagaákvörðum eða 79% mála. Skuldamyndun nam 6.266.150 kr. eða að meðaltali 169.355 kr. á hvern einstakling sem sætti viðurlögum í þessum málaflokki.

Samkeyrsla við staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra

Mánaðarlega er gerð samkeyrsla við staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra. Með samkeyrslunni er leitast við að kanna hvort atvinnuleitandi hafi starfað á vinnumarkaði án þess að tilkynna það til Vinnumálastofnunar.

Árið 2015 sendi eftirlitsdeildin út alls 2.319 bréf vegna samkeyrslu við staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra. Þar af enduðu 941 mál með viðurlagaákvörðun eða 41 %. Skuldamyndun nam 41.598.321 kr. eða að meðaltali 44.207 kr. á hvern einstakling sem sætti viðurlögum í þessum málaflokki.

Rétt er að benda á að auk útistandandi krafna vegna viðurlagaákvörðana er töluvert um leiðréttingar á greiðslum. Í eftirlitinu felst því ekki eingöngu endurgreiðslukröfur á ofgreiddum bótum heldur er einnig stuðlað að því að síðari tilkomnar greiðslur út atvinnuleysisstryggingasjóði séu réttar.

Stök mál - ábendingar, FINNUR og Fangelsismálastofnun

Stökum málum má aðallega skipta í tvo flokka, ótilkynnt vinna og ótilkynntar ferðir erlendis. Þau eru flest tilkomin vegna ábendinga, ýmist í gegnum ábendingahnappinn á heimasíðu VMST eða í gegnum tölvupóst. Auk ábendinganna eru mál sem tilkomin eru vegna samkeyrslu við FINN (vinnustaðaeftirlit aðila vinnumarkaðarins) og samkeyrslu við Fangelsismálastofnun talin til stakra mála ásamt málum er varða athugun á launagreiðendaskrá sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Alls bárust 246 ábendingar á árinu 2015 og hóf eftirlitsdeildin 91 mál bæði í kjölfar ábendinga sem og annarra þátta. Alls enduðu 53 þeirra með viðurlögum eða 58%. Skuldamyndun nam 9.039.078 kr. eða að meðaltali 333.965 kr. á hvern einstakling sem sætti viðurlögum í þessum málaflokki.

Staðfestingar og innskráningar erlendis frá

„Mínar síður“ Vinnumálastofnunar spila sífellt stærra hlutverk í samskiptum atvinnuleitenda og stofnunarinnar. Þar birtast allir launaseðlar, upplýsingar um skuldastöðu og stöðu umsóknar ásamt öllum þeim upplýsingum sem stofnunin vill koma á framfæri til skjólstæðinga sinna. Einnig þurfa þeir sem skráðir eru atvinnulausir að staðfesta atvinnuleit mánaðarlega og gerir langstærstur hluti þeirra það rafrænt á vefnum.

Lögum samkvæmt ber einstaklingum sem þiggja atvinnuleysisbætur að vera staddir á landinu og í virkri atvinnuleit. Til þess að hafa eftirlit með þessum skilyrðum laganna hefur stofnunin skoðað IP-tölur þeirra sem skrá sig inn á „mínar síður.“ Ef staðsetning IP-tölnnar gefur til kynna að atvinnuleitandi sé staddur erlendis er viðkomandi sent bréf þar sem óskað er eftir skýringum á ótilkynntri dvöl erlendis eða gögnum sem geta sýnt fram á veru viðkomandi á landinu á tilteknu tímabili.

Alls sendi eftirlitsdeild út 514 bréf vegna staðfestinga/innskráninga erlendis frá. 235 mál enduðu með viðurlagaákvörðun þar sem atvinnuleitendur höfðu verið erlendis án þess að tilkynna ferð sína til stofnunarinnar eða 46%. Skuldamyndun nam 6.532.782 kr. eða að meðaltali 27.799 kr. á hvern einstakling sem sætti viðurlögum í þessum málaflokki.

Annað

Auk reglubundinna samkeyrslna og virks eftirlits hefur eftirlitsdeildin það hlutverk að halda utan um alla þá einstaklinga sem ekki skila sér heim eftir atvinnuleit erlendis. Alls voru 163 einstaklingum synjað á þeim forsendum á árinu 2015. Þá heldur eftirlitsdeildin einnig utan um skráningu á orlofi einstaklinga sem fara erlendis.

Samantekt ársins

Á árinu 2015 sendi eftirlitsdeildin frá sér 3.043 bréf. Þar af voru 1.307 málum lokið með viðurlagaákvörðun eða 43%. Skuldamyndun nam 81.187.496 kr. eða að meðaltali 62.117 kr. á hvern einstakling sem sætti viðurlögum.

ATVINNULEYSISSTRYGGINGAR

Vinnumálastofnun fer með umsýslu Atvinnuleysisstryggingasjóðs samkvæmt lögum 54/2006 um atvinnuleysisstryggingar sem tóku við af eldri lögum um mitt ár 2006.

Einstaklingar sem óska atvinnuleysisstrygginga sækja um í gegnum skráningarkerfi á vef Vinnumálastofnunar og viðhalda skráningu sinni þar og bæta við upplýsingum eftir þörfum. Skrifstofur Vinnumálastofnunar um land allt sjá um móttöku fylgigagna. Greiðslustofa Vinnumálastofnunar sér um útreikning á bótarétti umsækjenda og greiðslu atvinnuleysisstrygginga og eru ákvarðanir um afgreiðslu flestra mála teknar þar. Starfandi er sérstök úthlutunarnefnd sem tekur vafatriði til umfjöllunar og samræmingar.

Atvinnuleysisstryggingar voru á árinu 2015 greiddar að hámarki í tvö og hálfu ári, en stytting bótatímabils úr 3 árum í 2,5 tók gildi um áramótin 2014/2015. Atvinnuleysisbætur eru tekjutengdar fyrstu þrjú mánuði atvinnuleysis miðað við ákveðið hlutfall af fyrri tekjum og að ákveðnu hámarki. Þó eru atvinnuleitendur á grunnbótum fyrstu tíu dagana.


Fjárhæð grunnbóta var 184.188 kr. á mánuði á árinu 2015. Hámark tekjutengdra bóta var 290.366 kr. á mánuði og frítekjumark kr. 59.047 á mánuði.

Líkt og áður samþykkti ríkisstjórn Íslands að greiða út sérstaka desemberuppbót til atvinnuleitenda á árinu 2015. Þeir sem höfðu verið að fullu atvinnulausir í 10 mánuði eða lengur og að fullu tryggðir, fengu eingreiðslu, samtals 55.256. Þeir sem höfðu verið án atvinnu skemur eða voru tryggðir að hluta, fengu eingreiðslu í samræmi við tryggingahlutfall sitt.

Atvinnuleysisstryggingasjóður

Samkvæmt lögum um atvinnuleysisstryggingar annast Vinnumálastofnun sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu í umboði sjóðsstjórnar. Félags- og húsnæðismálaráðherra skipar stjórn sjóðsins samkvæmt tilnefningum aðila vinnumarkaðarins, en formann stjórnarinnar án tilnefningar. Á árinu 2015 var Einar Karl Birgisson formaður og aðrir í stjórn þau Kristín Þóra Harðardóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir, Ingbór Karl Eiríksson, Ína Halldóra Jónasdóttir, Jón Rúnar Pálsson, Karl Björnsson, Kolbeinn Gunnarsson og Ólafía B. Rafnsdóttir. Greiðslur atvinnuleysisbóta lækkuðu töluvert

Tekjur af tryggingagjaldi og greiðslur atvinnuleysisbóta



Greiðslur vegna úrræða atvinnuleitenda



á árinu 2015 frá fyrra ári, voru 10,7 milljarðar króna í samamburði við 12,9 milljarða króna árið 2014. Sjóðurinn hefur einkum tekjur af atvinnuþryggingagjaldi sem skilaði sjóðnum 14,8 milljörðum króna á árinu 2015 en 14,6 milljörðum árið 2014, en atvinnuþryggingagjaldið var lækkað úr 1,45% í 1,35% milli árunna 2014 og 2015. Samkvæmt efnahagsreikningi var eigið fé sjóðsins 11,6 milljarðar króna í árslok 2015 en nam 8,6 milljörðum króna í árslok 2014.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga starfar samkvæmt lögum 54/2006 um atvinnuleysisstryggingar. Um er að ræða tryggingasjóð vegna atvinnuleysis bænda, vörubifreiðastjóra og smábátæigenda, og er heimild í lögum til að bæta við öðrum starfsgreinum. Vinnumálastofnun fer með umsýslu sjóðsins í umboði sjóðsstjórnar. Stjórn sjóðsins er

tilnefnd af samtökum þeirra starfsgreina sem aðild eiga að sjóðnum og skipar félags- og húsnæðismálaráðherra formann stjórnar án tilnefningar. Stjórn Tryggingasjóðsins var þannig skipuð í árslok 2015: Aðalsteinn Haukur Sverrirsson formaður, Oddbjörg Friðriksdóttir, Erna Bjarnadóttir og Grétar H. Guðmundsson.

Úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða

Úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða er skipuð af félags- og húsnæðismálaráðherra til fjögurra ára í senn skv. 11. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Hlutverk úrskurðarnefndarinnar er að kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna. Úrskurðir nefndarinnar fela í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun. Úrskurðarnefndin var þannig skipuð á árinu 2015: Brynhildur Georgsdóttir formaður, Helgi Áss Grétarsson og Hulda Rós Rúriksdóttir. Varamenn voru þau Þuríður Jónsdóttir, Ragnhildur Jónasdóttir og Laufey Jóhannsdóttir og var Guðrún Erna Hreiðarsdóttir lögfræðingur starfsmaður nefndarinnar. Á árinu 2015 bárust nefndinni 89 kærsmål sem er lítils háttar fækkun frá árinu 2014, en þá voru 94 mál kærð til nefndarinnar.

Vinnumálastofnun sér um útgáfu Evrópuvottorða, annars vegar til að staðfesta rétt einstaklinga til atvinnuleysistryggingar (E 301) og hins vegar vottorð sem heimilar einstaklingi að fara í atvinnuleit til annars Evrópulands án þess að atvinnuleysistryggingar skerðist (U2, áður E 303). Er þetta gert á grundvelli Evrópureglna sem fyrst tóku gildi með EES samningnum 1. janúar 1994.


Á árinu 2015 gaf Vinnumálastofnun út 548 U2 vottorð sem er nokkur aukning frá árunum 2014 og 2013. Líkt og undanfarin ár voru flest vottorð gefin út til fólks á leið í atvinnuleit til Póllands, eða 256. Því næst kemur Danmörk (54), Noregur (45) og Svíþjóð (38). Mun færri koma í atvinnuleit til Íslands. Þannig komu 83 einstaklingar hingað í atvinnuleit árið 2015, sem er er nokkur fækkun frá fyrri árum. Meira en helmingur þeirra kom frá Danmörku, eða 49.

Á árinu 2015 voru gefin út 791 E301 leyfi til staðfestingar á rétti fólks til atvinnuleysistrygginga. Er þetta nokkur aukning frá síðustu þremur árum, en talsvert færri vottorð en voru gefin út á árunum þar á undan. Líkt og undanfarin ár eru flest E301 vottorða gefin út og send til Póllands (340), og næst kom Tékkland á árinu 2015 (81 vottorð) og þá Danmörk (63), Spánn (53) og Noregur (52).


Sumarstörf námsmanna

Atvinnuleysistryggingasjóður kom að fjármögnun sumarstarfa fyrir námsmenn sumarið 2015 líkt og undanfarin ár. Stofnanir ríkisins og sveitarfélög gerðu átak í að skapa tveggja mánaða sumarstörf fyrir námsmenn og fengu á móti greitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem svarar upphæð atvinnuleysisbóta. Alls var ráðið í 390 sumarstörf sumarið 2015 í gegnum þetta átak, en um var að ræða fjölbreytileg störf fyrir háskólanema og elstu nemendur framhaldsskóla.

Útgefin E303/U2 vottorð til og frá Íslandi frá 2005-2015



Útgefin Evrópuvottorð atvinnuleitenda frá 2005 til 2015



FÆÐINGARORLOFSSJÓÐUR

Samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 fer félags- og húsnæðismálaráðherra með yfirstjórn fæðingar- og foreldraorlofsmála. Fæðingarorlofssjóður er í vörslu Vinnumálastofnunar sem sér um reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins í umboði ráðherra. Fæðingarorlofssjóður annast greiðslur til foreldra sem réttinda njóta til greiðslu í fæðingarorlofi en auk þess annast sjóðurinn greiðslu fæðingarstyrkja til foreldra utan vinnumarkaðar og í námi.

Fæðingarorlofssjóður er fjármagnaður með tryggingagjaldi, sbr. lögum um tryggingagjald, auk vaxta af innstæðufé sjóðsins en fæðingarstyrkir eru fjármagnaðir með framlagi úr ríkissjóði. Kostnaður af rekstri sjóðsins á að greiðast af tekjum hans. Ráðherra skal gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar og gerir sjóðurinn árlega fjárhagsáætlun sem ráðherra leggur fyrir fjármálaráðherra við undirbúning fjárlaga.

Frá 1. janúar 2007 hefur Fæðingarorlofssjóður verið í vörslu Vinnumálastofnunar sem annast hefur umsýslu sjóðsins frá þeim tíma. Öll vinnsla umsókna sem og símsvörun fyrir Fæðingarorlofssjóð fer fram á Hvammstanga og eru 12

starfsmenn sem sinna þeirri vinnu. Auk þess er margvísleg upplýsingaþjónusta og ráðgjöf veitt um fæðingarorlof á öðrum þjónustuskrifstofum Vinnumálastofnunar um land allt. Á heimasíðu Fæðingarorlofssjóðs, www.faedingarorlof.is, er að finna fjölbreyttar upplýsingar og leiðbeiningar fyrir foreldra um réttindi þeirra í fæðingarorlofi. Frá upphafi hefur heimasíðan verið mikið heimsótt af skjólstæðingum sjóðsins. Fæðingarorlofssjóður styðst við svokallað IP símkerfi eða netsíma sem gerir stjórnendum fært að fá samtímaupplýsingar um álag og símsvörun.

Starfsemin

Megin verkefni Fæðingarorlofssjóðs er að ákvarða og annast greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi sem og að veita ráðgjöf og upplýsingar um réttindi foreldra til greiðslna.

Á árinu 2015 fengu 12.245 foreldrar greidda 9,103 m.kr. Þar af fengu 5589 feður greidda 3,134 m.kr. en 6656 mæður 5,969 m.kr. Samkvæmt því voru að meðaltali um 4047 foreldrar í greiðslu í hverjum mánuði og námu greiðslur hvers mánaðar að meðaltali um 759 milljónum.

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands fæddust 4140 lifandi börn á Íslandi á árinu 2015. Það eru 245 færri börn en árið 2014.

Fæðingar barna frá 1959 - 2015

Ár	1959	1960	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Börn	4837	4916	4560	4835	5026	4907	4492	4533	4326	4385	4140*

Heimild: Hagstofa Íslands *Bráðabirgðatölur

Fæðingarorlofsgreiðslur flokkaðar eftir fjölda og kyni 2007 - 2015

Ár	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Feður orlof/styrkir	6.677	6.776	6.424	5.781	5.797	5.810	5.831	5.589
Mæður orlof/styrkir	7.446	7.696	7.652	7.224	6.992	6.926	6.824	6.656
Samtals orlof/styrkir	14.123	14.472	14.076	13.005	12.789	12.736	12.655	12.245
Fæðingarorlofsgreiðslur m. kr.	9.526	10.268	9.250	8.106	7.905	8.294	8.801	9.103
Meðalfjöldi pr. mánuð	4.700	4.770	4.650	4.326	4.178	4.077	4.017	4.047
Meðalupph. í millj. pr. mánuð	800	856	771	676	659	695	731	759

Heimild: Fæðingarorlofssjóður

Á árinu var áfram unnið að því að bæta rafræn samskipti sjóðsins við foreldra í fæðingarorlofi með það að markmiði að efla enn frekar þjónustuna og draga úr kostnaði notenda og sjóðsins. Foreldrum gefst nú kostur á að fá öll bréf frá Fæðingarorlofssjóði send með tölvupósti í stað hefðbundins bréfpósts. Langflestir foreldrar velja þann kostinn eða u.þ.b. 90% þeirra.

Á árinu var unnið að uppfærslu á eyðublöðum sjóðsins sem og leiðbeiningum á heimasíðunni.

Vinnumálastofnun framlengir leigusamning við KVH

Á árinu var leigusamningur um skrifstofuhúsnæði Fæðingarorlofssjóðs á Hvammstanga framlengdur milli Vinnumálastofnunar og Kaupfélags Vestur-Húnavetninga (KVH). Stærð hins leigða húsnæðis er 325 m² og gildir nýr samningur til ársloka 2023. Fyrri samningur hafði verið í gildi frá 20. nóvember 2006. Hið leigða skrifstofuhúsnæði er allt hið glæsi-legasta og hefur hentað starfsemi Fæðingarorlofssjóðs vel.

Eftirlit

Mánaðarlega er unnt að framkvæma samkeyrslu við skrár skattfyrvalda í þeim tilgangi að hafa eftirlit með því hvort foreldrar hafi fengið ofgreitt úr Fæðingarorlofssjóði. Eins er unnt að fylgjast með því hvort foreldrar sem starfa á þeim tíma sem þeir eru skráðir í fæðingarorlof fái launagreiðslur greiddar á næstu mánuðum á eftir.

Samstarf var við Sýslumanninn á Norðurlandi vestra / Innheimtumiðstöð (IMST) á árinu, um innheimtu á endurkröfum á ofgreiðslum úr Fæðingarorlofssjóði og gafst það vel.

Álit umboðsmanns Alþingis – endurupptaka mála

Á árinu 2013 kvað settur umboðsmaður Alþingis upp álit sitt í máli nr. 7022/2012 o.fl. Í álitinu fjallaði hann um það með hvaða hætti bæri að beita frádráttarreglu 2. másl. 10. mgr. 13. gr. ffl. í ofgreiðslumálum. Á árinu 2014 kvað umboðsmaður Alþingis síðan upp álit í málum nr. 7790/2013, sem fjallaði um 3. másl. greinarinnar, og nr. 7775/2013, sem fjallaði um 4. másl. greinarinnar.

Í ljósi álitanna og orðalags frádráttarreglu 10. mgr. 13. gr. ffl. var sú ákvörðun tekin að Fæðingarorlofssjóður myndi að eigin frumkvæði taka upp allar fyrri ákvarðanir þar sem reynt hefði á frádráttarregluna, fella niður kröfur og útistandandi mál og greiða foreldrum til baka í þeim tilvikum þar sem það ætti við. Hófst sú vinna í desember 2014 og lauk á árinu 2015.

4.047

foreldrar voru að meðaltali í greiðslu í hverjum mánuði hjá Fæðingarorlofssjóði



Alls fengu 2186 einstaklingar endurgreiddar rúmlega 268 m.kr. vegna endurkrafna og innheimtuaðgerða sem stofnast hafði til á árunum 2006 – 2014. Launatengd gjöld voru tæplega 19 m.kr. og kostnaður Fæðingarorlofssjóðs í heildina því rúmlega 287 m.kr. Á fjáráukalögum ársins 2014 samþykkti Alþingi 70 m.kr. fjárveitingu til að mæta framangreindum endurgreiðslum og á fjárlögum ársins 2015 samþykkti Alþingi 215 m.kr. til þess sama eða alls 285 m.kr.

Af þeim 2186 einstaklingum sem fengu endurgreiðslu frá Fæðingarorlofssjóði óskuðu 22 eftir rökstuðningi eða 0,01%. Ekkert mál var kært til úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála.

Lagabreytingar


Engar breytingar voru gerðar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 á árinu 2015.

Framtíðarstefna mótuð í fæðingarorlofsmálum

Þann 5. desember 2014 skipaði Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, starfshóp sem móta á tillögu að framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum hér á landi.

Á árinu 2015 vann starfshópurinn ötullega, undir forystu Birkis Jóns Jónssonar formanns starfshópsins og fulltrúa ráðherra, að mótun stefnunnar. Í starfshópnum áttu sæti fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, fjármála- og efnahagsráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum atvinnulífsins. Starfsmenn starfshópsins komu annars vegar frá velferðarráðuneyti og hins vegar frá Vinnumálastofnun auk þess sem starfsmenn frá Fæðingarorlofssjóði unnu náið með starfshópnum.

Starfshópurinn skilaði tillögum sínum til ráðherra 11. mars 2016.



ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA


Ábyrgðasjóður launa starfar samkvæmt lögum nr. 88/2003. Sjóðurinn ábyrgist greiðslu vinnulaunakröfu launþega og kröfu lífeyrissjóðs vegna lífeyrisiðgjalda á hendur vinnuveitanda við gjaldþrotaskipti eða þegar dánarbú hans er til opinberra skipta og erfingjar hans ábyrgjast ekki skuldbindingar hans.

Vinnumálastofnun annast skrifstofuhald fyrir sjóðinn á grundvelli samnings milli stjórnar sjóðsins, velferðarráðuneytisins og Vinnumálastofnunar.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, tveir tilnefndir af ASÍ og SA, og einn skipaður af félags- og húsnæðismálaráðherra sem er formaður. Stjórn sjóðsins var þannig skipuð árið 2015: Þórey Matthíasdóttir formaður, Halldór Oddsson og Álfheiður Sívertsen.

Samantekt yfir greiðslur vegna helstu atvinnugreina

Tákn	Heiti	Kr.
A	Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	21.125.028
B	Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	359.462
C	Framleiðsla	87.207.251
E	Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun	14.268.315
F	Byggingarstarfs. og mannv.gerð	212.457.598
G	Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélkn. ökut.	148.862.054
H	Flutningar og geymsla	18.927.542
I	Rekstur gististaða og veitingarekstur	81.325.820
J	Upplýsingar og fjarskipti	10.739.483
K	Fjármála og váttr.starfs.	11.858.233
L	Fasteignaviðskipti	25.496.183
M	Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg st.	8.407.927
N	Leigust. og ýmis sérhæfð þjón.	5.635.291
P	Fræðslustarfsemi	7.222.127
Q	Heilbrigðis og félagsþj.	1.756.377
R	Menningar-, íþrótt og tómst.	4.080.250
S	Félagasamtök og önnur þj.starf	9.427.390
X	Óþekkt starfsemi	8.640.988
	Samtals	677.797.319



Útgjöld sjóðsins

Heildargreiðslur Ábyrgðasjóðs launa árið 2015 námu 524 m.kr. Útgjöld minnkuðu á milli árána 2014 og 2015 en á árinu 2014 námu þau 678 m.kr.

Útgjöld vegna þrotabúa voru um 524 m.kr. Greiðslur vegna vangoldinna launa og slita á ráðningarsamningi námu 114 m.kr. og vegna vangoldinna lífeyrissjóðsiðgjalda 304 m.kr. Þar af um 12 m.kr. vegna séreignasparnaðar. Launagreiðslurnar lækkuðu um 66 m.kr. frá árinu 2014 og lífeyrissjóðsgreiðslurnar lækkuðu um 59 m.kr. frá árinu 2014. Gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins muni minnka eitthvað á árinu 2016 miðað við árið 2015. Alls fékk 221 launamaður greitt úr sjóðnum á árinu 2015 og gera má ráð fyrir að fjöldi launamanna á árinu 2016 verði á bilinu 200-250.

Tekjur vegna úthlutana úr þrotabúum voru um 60 milljónir til sjóðsins á árinu 2015 og gert er ráð fyrir lægri fjárhæð á árinu 2016. Ábyrgðagjald er 0,05% fyrir árið 2016.

Framundan hjá sjóðnum

Starfsemi sjóðsins á árinu 2016 verður aðeins umfangsminni en árið á undan og búist er við því að það dragi úr fjölda krafna til sjóðsins miðað við árið 2015. Færri kröfur bíða afgreiðslu sjóðsins miðað við sama tíma og í fyrra og má því gera ráð fyrir að eitthvað dragi úr útgjöldum á árinu 2016. Unnið hefur verið að uppfærslu á Navision tölvukerfi sjóðsins sem mun bæta vinnslu á upplýsingum úr kerfinu og auka möguleika á að senda gögn inn í tölvukerfi sjóðsins með rafrænum hætti.

ÁRSREIKNINGUR VINNUMÁLASTOFNUNAR

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Lög um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006 tóku gildi 1. júlí 2006 og samkvæmt þeim hefur Vinnumálastofnun yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu. Vinnumálastofnun annast fjárvörslu, umsýslu og afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð, Fæðingarorlofssjóð, Ábyrgðasjóð launa og Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga á sameiginlegri skrifstofu vinnu- mála. Sérstök stjórn er yfir Vinnumálastofnun svo og hinum einstöku sjóðum.

Á árinu 2015 var 10,8 m.kr. tekjuhalli af rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir stofnunarinnar 213,9 m.kr., skuldir 220,8 m.kr. og eigið fé var 6,9 m.kr. í árslok 2015.

Stjórn og forstjóri staðfesta ársreikning Vinnumálastofnunar fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 4. maí 2016

Stjórn:

Ingvar Már Jónsson, formaður.

Sjöfn Þórðardóttir, varaformaður.

Sigurður Bessason.

Halldór Grönvold.

Stefán Aðalsteinsson.

Kristín Þóra Harðardóttir.

Jón Rúnar Pálsson.

Arna Jakóbína Björnsdóttir.

Inga Rún Ólafsdóttir.

Guðný Einarsdóttir.

Forstjóri.

Gissur Pétursson.

Áritun ríkisendurskoðanda

Til stjórnar Vinnumálastofnunar

Við höfum endurskoðað ársreikning Vinnumálastofnunar fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Hann er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og eru þeir ábyrgir fyrir gerð og framsetningu hans í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunnin fólst í eftirfarandi aðgerðum:

- að sannreyna að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju fyrir hluta A-hluta ríkisstofnanir,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á.

Endurskoðunin byggir á skipurlögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Hún felur meðal annars í sér áhættugreiningu, greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin hafi byggt upp nægjanlegan traustan grunn til að staðfesta réttmæti ársreikningsins.


Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Vinnumálastofnunar á árinu 2015, efnahag 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015 í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 4. maí 2016



Sveinn Arason,

ríkisendurskoðandi.



Sigurgeir Bóasson,

endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2015

	Skýr.	2015	2014
TEKJUR			
Þjónustutekjur	1	825.200.000	817.800.000
Aðrar tekjur		150.029.071	117.087.873
		<u>975.229.071</u>	<u>934.887.873</u>
GJÖLD			
Rekstur aðalskrifstofu	2	701.409.074	637.586.234
Þjónustuskrifstofur	3	205.317.698	208.232.954
Önnur sérverkefni	4	9.089.285	10.075.6433
Fæðingarorlofssjóður	5	106.118.256	92.887.988
Greiðslustofa atvinnuleysistrygginga	6	149.219.340	163.260.997
Atvinnuleysiskráning, þjónustusamningar	7	0	10.025.134
Vinumarkaðsráð	8	1.741.161	1.661.831
Atvinna með stuðningi - AMS	9	58.756.768	53.627.664
Atvinnutorg	10	0	30.317.671
		<u>1.231.651.582</u>	<u>1.207.676.116</u>
Eignakaup	13	7.449.601	4.888.667
		<u>1.239.101.183</u>	<u>1.212.564.783</u>
Tekjuafgangur (tekjuhali) fyrir ríkisframlag.....		(263.872.112)	(277.676.910)
Ríkisframlag		<u>253.100.000</u>	<u>227.345.800</u>
Tekjuafgangur (tekjuhali) ársins		(10.772.112)	(50.331.110)

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýr.	2015	2014
EIGNIR			
Veltufjármunir	12		
Viðskiptakröfur		18.130.402	35.315.631
Handbært fé		195.770.418	82.468.859
Eignir alls		<u>213.900.820</u>	<u>117.784.490</u>
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR			
Eigið fé			
<i>Höfuðstóll:</i>			
Höfuðstóll í ársbyrjun		3.887.811	54.218.921
Rekstrarniðurstaða ársins		(10.772.112)	(50.331.110)
Höfuðstóll		<u>(6.884.301)</u>	<u>3.887.811</u>
Eigið fé	14	<u>6.884.301</u>	<u>3.887.811</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ríkissjóður	13	163.724.751	93.072.969
Viðskiptaskuldir		57.060.370	20.823.710
Skuldir		<u>220.785.121</u>	<u>113.896.679</u>
Eigið fé og skuldir alls		<u>213.900.820</u>	<u>117.784.490</u>
Eign utan efnahags			
Fasteignir	15		

Sjóðstreymi árið 2015

	Skýr.	2015	2014
REKSTRARHREYFINGAR			
Veltufé frá rekstri:			
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins		(10.772.112)	(50.331.110)
	Veltufé frá rekstri	(10.772.112)	(50.331.110)
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Viðskiptakröfur og skammtímakröfur lækkun/(hækkun)		(17.185.229)	(4.342.809)
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun		36.236.660	16.504.234
		<u>53.421.889</u>	<u>12.161.425</u>
	Handbært fé frá rekstri	42.649.777	(62.492.535)
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð:</i>			
Framlag ríkissjóðs		(253.100.000)	(227.345.800)
Greitt úr ríkissjóði		323.751.782	258.105.043
	Fjármögnunarhreyfingar	70.651.782	30.759.243
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		113.301.559	31.733.292
Handbært fé í ársbyrjun		82.468.859	114.202.151
Handbært fé í lok ársins		195.770.418	82.468.859

Skýringar

SUNDURLIÐANIR

1. Þjónustutekjur

Þjónustutekjur Vinnumálastofnunar námu samtals 825,2 m.kr. en voru 817,8 m.kr. árið á undan. Hækkun þjónustutekna má að stærstum hluta skýra með umsýslutekjum vegna Starfsendurhæfingarliðar 08-856 en tekjur vegna umsýslu verkefnisins voru bókfærðar með öðrum tekjum á árinu 2014.

	2015	2014
Atvinnuleysistryggingasjóður	641.500.000	663.000.000
Atvinnumál kvenna	3.000.000	2.000.000
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	3.000.000	3.000.000
Ábyrgðasjóður launa	52.000.000	52.000.000
Fæðingarorlofssjóður	98.700.000	97.800.000
Starfsendurhæfing	27.000.000	0
	<u>825.200.000</u>	<u>817.800.000</u>

2. Rekstur aðalskrifstofu

Aðalskrifstofan sér um stjórnun, skipulag og rekstur allra þjónustueininga Vinnumálastofnunar. Hækkun rekstrarkostnaðar nam 63,8 m.kr. eða um 10% milli ára. Launagjöld og starfsmannakostnaður hækka um 55,1 m.kr. milli ára. Húsnæðiskostnaður hækkar um 5,6 m.kr. og er um almenna vísitöluhækkun að ræða.

Launagjöld og starfsmannakostnaður	549.291.484	494.171.587
Húsnæðiskostnaður	75.588.443	69.951.410
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	24.714.451	22.794.691
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	21.986.199	26.459.674
Funda- og ferðakostnaður.....	9.415.241	7.865.381
Rekstur tækja og áhalda.....	3.339.352	2.368.001
Bifreiðakostnaður	1.626.612	767.310
Annar rekstrarkostnaður.....	15.400.792	13.143.190
Tilfærslur	46.500	64.990
	<u>701.409.074</u>	<u>637.586.234</u>

Skýringar frh.

3. Þjónustuskrifstofur

Þjónustuskrifstofur, aðrar en Fæðingarorlofssjóður og Greiðslustofa, eru sex talsins: Á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum. Rekstrarkostnaður lækkar um 2,9 m.kr. milli ára.

	2015	2014
Launagjöld og starfsmannakostnaður	160.813.126	155.362.182
Húsnæðiskostnaður	25.343.130	30.786.152
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	899.983	779.850
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	7.022.732	9.974.435
Funda- og ferðakostnaður	6.450.110	6.185.865
Rekstur tækja og áhalda	323.660	861.388
Bifreiðakostnaður	237.315	230.899
Annar rekstrarkostnaður	4.221.642	4.052.183
	<u>205.317.698</u>	<u>208.232.954</u>

4. Önnur sérverkefni

Undir liðinn önnur sérverkefni árið 2015 flokkast: FFEMALE, FREE, Enterprise 4ALL, Leonardo, Job Broker og Lánatryggingasjóður kvenna. Ný verkefni á árinu eru FREE og Job Broker.

Launagjöld og starfsmannakostnaður	912.412	2.417.203
Húsnæðiskostnaður	0	199.500
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	1.348.503	774.225
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.272.329	2.167.040
Funda- og ferðakostnaður	5.490.393	4.161.897
Rekstur tækja og áhalda	0	1.800
Annar rekstrarkostnaður	65.648	353.978
	<u>9.089.285</u>	<u>10.075.643</u>

Skýringar frh.

5. Fæðingarorlofssjóður

Skrifstofa Fæðingarorlofssjóðs á Hvammstanga sér um reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir fæðingarorlof og fæðingarstyrki. Hækkun rekstrarkostnaðar Fæðingarorlofssjóðs nam 13,2 m.kr. eða um 14,2 % milli ára sem skýrist m.a. af auknum launaútgjöldum vegna yfirvinnu starfsmanna í tengslum við endurútreikning og greiðslur á innheimtukröfum úr Fæðingarorlofssjóði á árinu, um var að ræða tímabundið verkefni.

	2015	2014
Launagjöld og starfsmannakostnaður	89.203.056	76.070.519
Húsnæðiskostnaður	5.206.470	5.534.380
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	2.724.614	2.412.520
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	6.570.121	6.822.051
Funda- og ferðakostnaður	575.147	369.677
Rekstur tækja og áhalda	29.157	91.776
Annar rekstrarkostnaður	1.768.191	1.587.065
	<u>106.118.256</u>	<u>92.887.988</u>

6. Greiðslustofa atvinnuleysistrygginga

Greiðslustofa atvinnuleysistrygginga á Skagaströnd sér um umsýslu atvinnuleysisbóta. Lækkun rekstrarkostnaðar Greiðslustofu nam 14,0 m.kr. eða 8,6 % milli ára.

Launagjöld og starfsmannakostnaður	125.062.780	126.986.418
Húsnæðiskostnaður	7.120.603	9.585.893
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	7.216.021	10.018.025
Funda- og ferðakostnaður	626.268	577.486
Rekstur tækja og áhalda	245.421	544.478
Bifreiðakostnaður	738.366	661.102
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	5.629.367	11.448.170
Annar rekstrarkostnaður	2.570.514	3.439.425
	<u>149.219.340</u>	<u>163.260.997</u>

Skýringar frh.

7. Atvinnuleysisráning, þjónustusamningar

Vinnumálastofnun hefur sagt upp þjónustusamningum við sveitarfélög og verkalyðsfélög, um að sinna þjónustu við atvinnuleitendur í þeim byggðalögum þar sem stofnunin er ekki með þjónustuskrifstofur. Með aukinni rafvæðingu hefur stofnunin náð að þjónusta svæðin með bætту aðgengi á heimasíðu.

	2015	2014
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	0	10.024.728
Annar rekstrarkostnaður	0	406
	<u>0</u>	<u>10.025.134</u>

8. Vinnumarkaðsráð

Vinnumarkaðsráð eru til ráðgjafar um skipulag og val á vinnumarkaðsúræðum á svæðisbundnum þjónustuskrifstofum.

Launagjöld og starfsmannakostnaður	1.205.486	1.041.262
Funda- og ferðakostnaður	459.592	533.418
Annar rekstrarkostnaður	76.083	87.151
	<u>1.741.161</u>	<u>1.661.831</u>

9. Atvinna með stuðningi - AMS

Atvinna með stuðningi er fyrir þá sem þurfa aðstoð við að fá vinnu á almennum vinnumarkaði. Verkefnið er þjónustusamningur á milli Vinnumálastofnunar og sveitarfélög suðvesturhornsins. Hækkun rekstrarkostnaðar nam 5,1 m.kr. eða 9,5% milli ára.

Launagjöld og starfsmannakostnaður	48.081.067	42.937.584
Húsnæðiskostnaður	4.140.000	4.000.000
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	524.400	575.500
Funda- og ferðakostnaður	3.922.381	3.814.092
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.822.496	1.872.931
Annar rekstrarkostnaður	266.424	427.557
	<u>58.756.768</u>	<u>53.627.664</u>

Skýringar frh.

10. Atvinnutorg

Atvinnutorg er samvinnuverkefni við Reykjavíkurborg og velferðaráðuneyti. Þar fær ungt fólk í atvinnuleit aðstoð óháð rétti til atvinnuleysisbóta.

	2015	2014
Launagjöld og starfsmannakostnaður	0	19.510.930
Húsnæðiskostnaður	0	4.983.226
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	0	1.435.990
Funda- og ferðakostnaður	0	108.344
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	0	4.074.462
Annar rekstrarkostnaður	0	204.719
	<u>0</u>	<u>30.317.671</u>

11. Eignakaup

Eignakaup stofnunarinnar á árinu 2015 voru að stærstum hluta tölvubúnaður og húsbúnaður.

Tölvubúnaður	3.487.735	3.436.743
Húsbúnaður	2.577.816	984.583
Skrifstofuvélar	834.355	331.858
Önnur tæki og búnaður	549.695	135.483
	<u>7.449.601</u>	<u>4.888.667</u>

12. Veltufjármunir

Veltufjármunir í árslok 2015 eru hærri samtals en í árslok 2014, staða handbærs fjárs er mun hærri í árslok 2015 en hún var í árslok 2014.

Skýringar frh.

13. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2015 nam skuld stofnunarinnar hjá ríkissjóði 163,7 m.kr.

	2015	2014
Staða í ársbyrjun	(93.072.969)	(62.313.726)
Ríkisframlag	253.100.000	227.345.800
Greiðslur.....	(321.855.036)	(255.790.964)
Millifærslur.....	(1.896.746)	(2.314.079)
Staða í árslok	<u>(163.724.751)</u>	<u>(93.072.969)</u>

14. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2015 sýnir höfuðstóll Vinnumálastofnunar 16,8 m.kr. uppsafnaðan tekjuafgang þegar búið er að taka tillit til rekstrarniðurstöðu ársins.

Höfuðstóll:

Höfuðstóll í ársbyrjun	3.887.811	54.218.921
Tekjuafgangur (-halli)	<u>(10.772.112)</u>	<u>(50.331.110)</u>
Höfuðstóll í árslok	<u>(6.884.301)</u>	<u>3.887.811</u>

Afkomu stofnunarinnar á árinu 2015 ber að skoða í ljósi þess að mistök áttu sér stað hjá velferðarráðuneytinu varðandi útreikning á launabótum fyrir árið 2015. Ráðuneytið hefur viðurkennt þessi mistök og tilkynnt stofnuninni að viðbótarfjárheimild verði veitt í fjárákalogum 2016. Þessar vangreiddu launabætur eru metnar á 23,7 m. kr.

15. Fasteignir

Vinnumálastofnun á eina fasteign í árslok 2015, hún er í Miðási 1, 700 Egilsstöðum. Í samræmi við reikningshaldsreglur hjá A-hluta stofnunum ríkissjóðs eru fasteignir ekki færðar upp sem eign í efnahagsreikningi. Eftirfarandi eru upplýsingar um fasteigna- og brunabótamat fasteignarinnar:

	Fasteignamat	Brunabótamat
Miðás 1.....	11.850.000	26.700.000

Skýringar frh.

KENNITÖLUR

Fjögurra ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2015	2014	2013	2012
Rekstur				
Rekstrartekjur	975.229	934.888	1.080.463	1.039.419
Rekstrargjöld	(1.231.652)	(1.207.676)	(1.265.042)	(1.168.290)
Eignakaup	(7.450)	(4.889)	(13.566)	(21.068)
Tekjuafgangur	(263.873)	(277.677)	(198.145)	(149.938)
Ríkisframlag	253.100	227.346	130.000	204.000
Tekjuafgangur ársins	(10.773)	(50.331)	(68.145)	54.062
Efnahagur				
Velturfjármunir	213.900	117.784	153.861	141.426
Eignir alls	213.900	117.784	153.861	141.426
Höfuðstóll	(6.886)	3.887	54.219	122.363
Skammtímaskuldir	220.786	113.897	99.462	19.062
Eigið fé og skuldir alls	213.900	117.784	153.681	141.426

NOKKRAR LYKILTÖLUR

úr ársreikningi Atvinnuleysistryggingasjóðs

Rekstrarreikningur árið 2015

	2015	2014
TEKJUR		
Atvinnuþryggingagjald	14.801.131.660	14.567.612.266
Aðrar tekjur	588.191	1.482.941
	<u>14.801.719.851</u>	<u>14.569.095.207</u>
 GJÖLD		
Atvinnuleysisbætur	10.668.502.632	12.905.887.562
Styrkir til fiskvinnslustöðva	130.604.499	223.432.691
Úrræði fyrir atvinnuleitendur	423.559.297	594.881.412
Framlög og styrkir	45.434.027	47.983.521
	<u>11.268.100.455</u>	<u>13.772.185.186</u>
Stjórnunar- og skrifstofukostnaður	646.306.135	661.814.808
Afskrift tryggingagjalds	109.720.857	117.944.402
	<u>12.024.127.447</u>	<u>14.551.944.396</u>
 Rekstrarafgangur / (rekstrarhalli)	2.777.592.404	17.150.811
Fjármunatekjur	296.838.596	277.142.909
Fjármagnsgjöld	(56.537.792)	(53.553.439)
	<u>240.300.804</u>	<u>223.589.470</u>
 Tekjuafgangur / (tekjuhalli) ársins	<u>3.017.893.208</u>	<u>240.740.281</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	2015	2014
EIGNIR		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	803.291.104	499.999.702
Álagt óinnheimt tryggingagjald	1.815.069.638	1.756.516.826
Viðskiptareikningur ríkissjóðs	8.077.921.826	6.131.131.329
Handbært fé	1.485.312.469	686.469.224
Eignir alls	<u>12.181.595.037</u>	<u>9.074.117.081</u>
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR		
Eigið fé		
Bundið eigið fé í ársbyrjun	8.576.208.344	8.335.468.063
Tekjuafgangur (-halli) ársins	3.017.893.208	240.740.281
Bundið eigið fé	<u>11.594.101.552</u>	<u>8.576.208.344</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Viðskiptamenn, erlendir	0	1.947.006
Viðskiptamenn, aðrir	476.056.713	343.708.198
Aðrar skammtímaskuldir	111.436.771	152.253.532
Skuldir	<u>587.493.485</u>	<u>497.908.737</u>
Eigið fé og skuldir	<u>12.181.595.037</u>	<u>9.074.117.081</u>
Utan efnahags:		
Fasteignir		

NOKKRAR LYKILTÖLUR

úr ársreikningi Fæðingarorlofssjóðs

Rekstrarreikningur árið 2015

	2015	2014
TEKJUR		
Iðgjöld skv. l. nr. 95/2000 um fæðingarorlof	7.100.173.355	6.605.996.486
	<u>7.100.173.355</u>	<u>6.605.996.486</u>
GJÖLD		
Orlof til foreldra á vinnumarkaði	8.686.340.998	8.176.862.422
Styrkir til foreldra utan vinnumarkaðar	597.272.661	625.702.907
Stjórnunarkostnaður	98.700.000	97.800.000
Samtals	<u>9.382.313.659</u>	<u>8.900.365.329</u>
Afskrifuð iðgjöld	89.838.162	80.391.215
Gjöld samtals	<u>9.472.151.821</u>	<u>8.980.756.544</u>
Tekjuafgangur	(2.371.978.466)	(2.374.760.058)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(17.748.361)	9.387.028
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag	(2.389.726.827)	(2.365.373.030)
Ríkisframlag	617.000.000	647.700.000
Tekjuafgangur ársins	<u>(1.772.726.827)</u>	<u>(1.717.673.030)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	2015	2014
EIGNIR		
Veltufjármunir		
Ríkissjóður	1.729.319.433	3.586.011.940
lögjöld álögð óinnheimt	971.509.251	940.278.644
Ýmsar kröfur	8.849.322	15.907.823
Handbært fé	477.917.882	475.720.326
Eignir alls	3.187.595.888	5.017.918.733
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR		
Eigið fé		
Höfuðstóll	19.827.339	21.997.093
Bundið eigið fé	2.960.280.409	4.752.834.575
Eigið fé	2.980.107.748	4.774.831.668
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Aðrar skammtímaskuldir	207.488.140	243.087.065
Skuldir	207.488.140	243.087.065
Eigið fé og skuldir	3.187.595.888	5.017.918.733

NOKKRAR LYKILTÖLUR

úr ársreikningi Ábyrgðasjóðs launa

Rekstrarreikningur árið 2015

	2015	2014
TEKJUR		
Ábyrgðargjald skv. lögum nr. 88/2003	529.796.642	511.943.689
Úthlutað úr þrotabúum	59.724.621	98.547.592
	<u>589.521.263</u>	<u>610.491.281</u>
GJÖLD		
Laun í gjaldþroti	114.400.159	180.355.731
Orlofslaun vegna greiðsluferfiðleika	0	258.197
Iðgjöld til lífeyrissjóða vegna gjaldþrota	304.262.429	362.926.520
Lögfræði- og innheimtukostnaður	57.692.222	64.210.794
Vaxtaálag á laun og bætur	55.471.248	80.407.724
Skaðabótakröfur launþega	5.728.093	437.551
Skrifstofukostnaður	52.926.276	52.884.359
Samtals	<u>590.480.427</u>	<u>741.480.876</u>
Afskrifað ábyrgðargjald	10.807.271	16.740.019
Gjöld samtals	<u>601.287.698</u>	<u>758.220.895</u>
Rekstrarafgangur / (rekstrarhalli)	(11.766.435)	(147.729.614)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	<u>71.679.197</u>	<u>78.292.770</u>
Tekjuafgangur / tekjuhali	<u>59.912.762</u> (<u>69.436.844</u>)

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	2015	2014
EIGNIR		
Veltufjármunir		
Ríkissjóður	2.063.736.621	1.988.508.201
Kröfur á gjaldendur	95.708.467	108.594.595
Aðrar skammtímakröfur	2.024.529	696.547
Handbært fé	225.497.115	232.238.698
Eignir alls	<u>2.386.966.732</u>	<u>2.330.038.041</u>
 EIGIÐ FÉ OG SKULDIR		
Eigið fé		
Eigið fé í ársbyrjun	2.322.404.335	2.391.841.179
Tekjuafgangur / (tekjuhalli) ársins	59.912.762	(69.436.844)
Eigið fé	<u>2.382.317.097</u>	<u>2.322.404.335</u>
 Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Staðgreiðsla skatta	1.544.338	6.232.125
Iðgjöld lífeyrissjóða	145.544	606.388
Aðrar skammtímaskuldir	2.959.753	795.193
Skuldir	<u>4.649.635</u>	<u>7.633.706</u>
 Eigið fé og skuldir alls	 <u><u>2.386.966.732</u></u>	 <u><u>2.330.038.041</u></u>



Kringlunni | 103 Reykjavík | Sími 515 4800 | www.vmst.is